

SHALDOR  
skoðun 16



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Föstudagur



Hænan á stall

Skemmtileg fuglasýning verður  
opnuð í dag í Náttúrusetrinu  
að Húsabakka í Svarfaðardal.  
allt 2



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

1. júlí 2011  
151. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

10  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Samkvæmt heimild: Síðan 1990 Genesent Cellum á milli - mars 2011



## Endurskapar bankann

Bankastjórinn vill að  
Landsbankinn bjóði jafn  
góða og ódýra þjónustu og  
norrænir bankar.

föstudagsviðtalið 12

## Óvænt samstarf

Poppararnir Eyfi og  
Valdimar taka höndum  
saman.

fólk 42




## Sigrar hjá KR og ÍBV

Íslensku liðunum gekk vel í  
Evrópudeildinni í gær.

sport 38

## veðrið í dag



ÚRKOMA S-LANDS Í dag verður  
strekkingur víða á SV-landi og gæti  
náð 20 m/s í Vestmannaeyjum.  
Úrkoma S-til sem færast norður með  
A- og V-landi þegar liður á daginn.

VEÐUR 4

Ertu Swift?

Nýr Suzuki Swift

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100  
WWW.SUZUKI.IS

# Um 250 ofbeldismenn skulda bætur til fórnarlamba sinna

Sex konur og 241 karl eru ekki borgunarmenn fyrir bótum sem þau hafa verið dæmd til að greiða vegna ofbeldis. Málin eru 306, af því að sumir hafa ráðist á fleiri en eitt fórnarlamb. Tveir dæmdir vegna sjö árása.

**SAMFÉLAGSMÁL** Ofbeldismenn sem ekki hafa greitt fórnarlömbum sínum bætur samkvæmt ákvörðun bótanefndar eru 247 talsins, sex konur og 241 karl, að því er Erna Jónmundsdóttir, deildarstjóri hjá innheimtumíðstöð sekta og sakarkostnaðar hjá Sýslumanninum á Blönduósi, greinir frá.

„Málin sem eru til innheimtu eru alls 306 og nemur heildarfjárhæðin 266.487.729 krónum með vöxtum og kostnaði. Innheimtumíðstöðin tók við innheimtunni vorið 2008 og fékk þá inn öll mál en þau voru áður innheimt af fjár-

**266** milljónir skulda ofbeldismenn í bætur til fórnarlamba.

sýslu ríkisins og lögmönnunum.“

Tveir ofbeldismannanna hafa verið dæmdir til að greiða bætur vegna sjö mála hvor, tveir vegna fimm mála hvor, tveir vegna fjögurra mála hvor, níu vegna þriggja mála hver og fimmtán vegna tveggja mála hver, að því er Erna greinir frá.

Ógreidd mál frá árinu 2008 eru 150, að því er fram kemur í upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins. Frá 2009 eru 118 mál ógreidd, 23 frá 2010 og 15 það sem af er þessu ári.

„Menn hafa getað samið við Innheimtumíðstöðina um að fá að greiða sektirnar á löngum tíma og fá þá til dæmis að greiða 5.000 krónur á mánuði,“ segir Erna.

Um 130 til 160 milljónir króna eru greiddar úr ríkissjóði ár hvert til þolenda ofbeldisbrota. Frá 2006 hafa borist um 400 umsóknir á ári um bætur. Um 25 prósentum þeirra er hafnað.

Hámarksbætur sem ríkissjóður greiðir fyrir líkamstjón eru 2,5 milljónir króna en fyrir miska 600 þúsund krónur. Ef um kynferðisbrot er að ræða greiðir ríkið eingöngu miskabætur.

Innanríkisráðherra ákvað fyrr í þessum mánuði að láta skoða samsetningu bóta til fórnarlamba ofbeldismanna.

„Tillögum að breytingum verður skilað innan skamms,“ segir Halldór Þormar Halldórsson, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á Siglufirði, sem hefur umsjón með greiðslu bóttanna. - ibs



## SVALANDI Í SÓLINNI

Fjöldi manns nýtti sér veðurbliðuna á höfuðborgarsvæðinu í gær og nutu sólarinnar í Nauthólsvík. Þar á meðal voru María Rós og Melkorka Sjöfn sem gæddu sér á safaríkri melónu. Gert er ráð fyrir að þykki upp og hvesi á höfuðborgarsvæðinu í dag og um helgina. Mesti hitinn verður á Norðurlandi og Vestfjörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áhrif kreppunnar á Grikkland:

## Grikkir orðnir breytt þjóð

**GRIKKLAND** „Árið tvö þúsund ríkti bjartsýnin ein hér í landi, Ólympíuleikarnir voru á næsta leiti og allir stóðu í þeirri meiningu að fjárhagurinn færi bara upp á við. Það er langt frá þeirri hryggðarmynd sem blasir við í dag,“ segir blaðamaðurinn Matína Iriotú sem starfar hjá gríska dagblaðinu Ta Nea.

Í samtali við Fréttablaðið lýsir Matína ástandinu í Grikklandi og hvaða áhrif þær efnahagslegu ógöngur sem landið hefur gengið í gegnum hafa haft á almenning. Hún segir að það hafi verið grískur lífsstíll að fara út að borða eða fá sér vínglas á veitingastað. Nú hafi enginn efni á því og því hafi fjöldi veitingastaða lokað.

„Þannig að þessar hremmingar bitna ekki bara á buddunni heldur breytir þetta þjóðarsálinni; Grikkir eru aðrir en þeir voru.“

- jse / Sjá síðu 10



MATÍNA IRIOTÚ

Landsbankinn selur fyrirtæki til fyrrverandi eiganda eftir milljarða afskriftir:

## Samherjafrændi fær Björgun

**VIÐSKIPTI** Dótturfélag Landsbankans hefur selt fyrirtækið Björgun til hóps fjárfesta fyrir 306 milljónir króna. Einn kaupenda er Þorsteinn Vilhelmsson, fyrrverandi stjórnarformaður Atorku Group sem átti fyrirtækið áður. Björgun sérhæfir sig meðal annars í hafnaryþkun.

Kröfuhafar Atorku Group tóku félagið yfir í byrjun síðasta árs. Þorsteinn var stærsti hluthafi Atorku bæði í eigin nafni og gegnum fjögur einkahlutafélög með samtals um 28,3 prósentu hlut.

Björgun heyrði undir skilaneftnd gamla Landsbankans en fór yfir til þess nýja með tilfærslu eigna og skulda á milli bankanna undir lok árs 2009.

Félög Þorsteins sem hlut áttu í Atorku Group voru tekin til gjaldþrotaskipta í fyrravör. Heildarkröfur námu 7,3 milljörðum og var Landsbankinn helsti kröfuhafinn. Fjölmiðlar greindu frá því fyrir um ári að svo kynni að fara að skilaneftnd Landsbankans þyrfti að afskrifa sex milljarða króna



ÞORSTEINN VILHELMSSON

vegna lána til Þorsteins. Samkvæmt upplýsingum frá skilaneftnd Landsbankans fóru skuldbindingar Þorsteins gagnvart Landsbankanum yfir í nýja bankann við eignatilfærsluna.

Ekki liggur fyrir hvort salan á Björgun er liður í skuldauppgjöri bankans við Þorstein né hversu stóran hlut hann kaupir í Björgun. Athygli vekur að Þorsteinn kaupir sinn hlut í nafni einkahlutafélagsins Harðbaks. Félagið átti rúmlega níu prósentu hlut í Atorku Group. Á stjórnarfundum félags-

ins í ágúst 2009 var nafni þess breytt í 9. júní 1999 ehf. Félagið varð gjaldþrota í fyrravör. Tæpum mánuði eftir nafnbreytinguna blés Þorsteinn nýju lífi í Harðbak undir nýrri kennitölu. Skuldir hins nýja félags námu rúmum tveimur milljónum króna.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum seldi fyrirtækjaráðgjöf bankans Björgun í opnu söluferli og voru skuldbindandi tilboð metin meðal annars eftir fjárfestingargetu bjóðenda. Ekki náðist í Þorstein þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - jab

Kringlan

ÚTSALA

Opið til 19  
í kvöld

## SPURNING DAGSINS



Kristinn, þú óttast ekkert að síðasta mark hafi verið þinn svanasöngur?

„Nei, alls ekki. Ég er lélegur söngvari þannig að það er óþarfi að hafa áhyggjur af því.“

Kristinn Steindórsson er markahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar. Hann hefur fagnað mörkum sínum með fagnaðarlátum sem nefnast svanurinn.



MÁR HORFIR TIL HIMINS Svo kann að fara að Seðlabankinn hækki stýrivexti fljótlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Líkur á hærri stýrivöxtum hér: Verðbólga langt yfir mörkum

**EFNAHAGSMÁL** Líkur eru á að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hækki stýrivexti fljótlega til að draga úr aukinni verðbólgu. Þetta kemur fram í greinargerðum bankans til Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, og ríkisstjórnarinnar.

Í báðum greinargerðum kemur fram að verðbólga sé nú yfir markmiðum. Fram kemur í greinargerðunum að þróunin skýrist af veikingu gengis krónunnar frá áramótum, gjaldskrárhækkunum hins opinbera, svo sem vegna leikskólagjalda, og hækkunar vöruverðs á heimsmörkuðum. Dæmi er tekið af bensínverði, sem hækkað hefur um tuttugu prósent á einu ári.

- jab

Margir sóttu miðin í blíðunni: Púsund bátar fór á haf út

**SJÁVARÚTVEGUR** Á bilinu 960 til 970 skip og bátar voru á miðunum í veðurbliðunni kringum landið í gær, jafnt togarar sem strandveiðiflotin.

Legið hefur í norðlægum áttum undanfarið og lítið hægt að sækja á miðin nema finna sér skjól fyrir leiðindaveðri. Því sáu margir sér færi til að fara út í gær, samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni og Vaktstöð siglinga sem hafði mikið að gera.

Gert er ráð fyrir öllu minna álagi í dag.

- jab

Landsbankamaður dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa millifært 118 milljónir á eigin reikning:

## Enginn vafi talinn á ásetningi Hauks Þórs

**DÓMSMÁL** Haukur Þór Haraldsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landsbankans, var í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir fjárdrátt.

Hann var sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa millifært rúmar 118 milljónir króna af reikningi félags í eigu Landsbankans inn á eigin reikninga 8. og 9. október 2008. Haukur var prókúruhafi fyrir félagið, sem var skráð á Ermar-sundseyjunni Guernsey, en í málsvörn sinni sagðist hann hafa millifært fjármunina þar sem honum þótti líklegt að eignir erlendra félaga myndu brenna upp hér á landi. Hann hafi því viljað koma fénu í öruggt skjól á íslenskum reikningi í eigu Íslendinga.

Dómurinn tiltekur allnokkur atriði sem sögð eru renna stöðum undir þann ásetning Hauks að millifæra fjármunina í auðgunarskyni. Meðal annars hefði honum átt að vera ljóst að eignir Landsbankans hefðu verið fluttar yfir í Nýja Landsbankann skömmu eftir hrun, auk þess hefði hann ekki látið yfirmenn sína vita af þessari ráðstöfun og loks hefði hann ekki bakfært upphæðina sjö vikum síðar þegar skilanefnd bankans spurðist fyrir um millifærsluna.

Haukur þarf einnig að greiða verjanda sínum, Gesti Jónssyni, riflega fjórar milljónir króna, en Gestur sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 að málinu yrði áfrýjað.

- þj



**TVEGGJA ÁRA DÓMUR** Haukur Þór Haraldsson, sem er til vinstri á myndinni, var fundinn sekur um að hafa dregið sér 118 milljónir króna af reikningi Landsbankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**AF GOLFEVLLINUM** Fótþoltagolfvöllurinn er skammt frá tjalðstæðinu í Þorlákshöfn og verður opinn í allt sumar. MYND/SVEINBJÖRN

## Átján holu fótþoltagolfvöllur opnaður

Ölfus sport hefur opnað fyrsta átján holu fótþoltagolfvöll landsins í Þorlákshöfn. Þar er stundað vanalegt golf, nema hvað notaður er fótþolti. Ekki bara fyrir vana fótþolamenn heldur fólk á öllum aldri, segir forsvarsmaður vallarins.

**FÓLK** „Það hafa stundum verið settar upp þrautir, nokkrar holur, sem hafa verið uppi í nokkra daga, en þetta er fyrsti átján holu völlurinn,“ segir Sveinbjörn Ásgrímsson hjá Ölfus sporti. Fyrirtækið hefur opnað í Þorlákshöfn fyrsta fótþoltagolfvöllinn á landinu.

Fótþoltagolf hefur verið stundað í einhverjum mæli hér á landi í nokkur ár, en hefur ekki farið mjög hátt. „Fólk er hægt og rólega að heyra af þessu og þetta vekur alltaf töluverða forvitni. Þetta er afþreying sem allir geta tekið þátt í. Við höfum verið að leyfa fólki að prófa og fáum alltaf jákvæð viðbrögð að leik loknum. Ég hef farið með fólk á öllum aldri, vana og óvana sparkara, og þessir óvönu geta þetta líka.“ Sveinbjörn segir þetta eins og á

“Fólk er hægt og rólega að heyra af þessu og þetta vekur alltaf töluverða forvitni. Þetta er afþreying sem allir geta tekið þátt í.”

SVEINBJÖRN ÁSGRÍMSSON  
HJÁ ÖLFUS SPORTI

venjulegum golfvelli, brautir séu frá 35 metrum og upp í rúma 100 metra á lengd. „Þær eru þar þrjár til þar fimm. Það eru skilti við hvern teig þar sem stendur hvað brautin er löng og hvað parið er á henni. Svo er teikning af brautinni, en það þarf ýmist að sparka í gegnum eitthvað eða fram hjá einhverju. Svo spila

leikmenn bara brautina, telja spörkin og skrá á skorkort. Svo erum við með hlið á öllum brautum sem boltinn þarf að fara í gegnum. Ef fólk sparkar fram hjá hliðinu þarf að fara til baka, sem er ekkert sérstaklega gaman.“

Fótþoltagolf hafa sýnt nýja vellinum áhuga að sögn Sveinbjörns, enda hefur tíðkast að íþróttin sé notuð til að brjóta upp æfingar. „En þetta er ekkert bara fyrir fótþoltagolf. Þetta er hugsað sem viðbót við afþreyinguna hér á staðnum. Fótþoltagolfið er eitthvað sem hægt er að grípa í. Við ætlum að reyna að hafa völlinn opinn eins lengi og við getum í sumar. Þetta er náttúrulega ólíkt þægilegra en venjulegur golfvöllur, það þarf ekki eins mikið viðhald.“

thorunn@frettabladid.is

Gegn kynferðisbrotum: Karlar beiti sér líka gegn nauðgunum

**JAFNRÉTTISMÁL** Nýju átaki Nei hreyfingarinnar gegn kynbundnu ofbeldi hefur verið hrundið af stað með veggspjaldaherferð. Hreyfingin vill vekja karla til vitundar um kynferðisbrot.

„Það er mikilvægt að benda á að það er aðeins einn ábyrgur fyrir kynferðisbrotum – það er sá sem beitir ofbeldinu,“ segir Finnborg Salóme Steinþórsdóttir, talskona hreyfingarinnar. Nei hreyfingin hófst sem áttak í kringum útihátíðir árið 2003. Karlmennt hafa verið í forsvari, en nú er áhersla lögð á að virkja bæði kynin. Átakið mun standa lengur en áður. „Það mun standa alveg fram á haust, því þá ætlum við að afhenda öllum grunn- og framhaldsskólum annað veggspjald, 10 atriði til að fyrirbyggja nauðgun.“

- þeb

Samið við flugmenn:

Yfirvinnubanni frestað um sinn

**KJARAMÁL** Samningar tókust milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Ícelandair í gærmorgun og hefur yfirvinnubanni flugmanna því verið frestað.

Talsverð röskun hefur orðið á flugi Ícelandair frá því að aðgerðir flugmanna hófust síðastliðinn föstudag. Samningurinn verður í framhaldinu borinn undir flugmenn sem munu greiða atkvæði á næstunni.

- þj

Fjármunir til sláttar opinna svæða í Reykjavík skornir verulega niður:

## Borgarlandið óvenjulega loðið

**REYKJAVÍK** Ófáir hafa orðið varir við samdrátt í slætti í landi Reykjavíkurborgar, en niðurskurðarhnifurinn hefur borið niður þar eins og víða annars staðar í kringum. Umferðareyjar og spildur víða í borginni þykja heldur loðnar, enda er slegið sjaldnar núna en fyrir hrun.

Guðrún Hilmisdóttir hjá framkvæmda- og eignasviði borgarinnar segir viðmiðið að slá allt borgarlandið þrisvar sinnum í sumar. Á því séu þó undantekningar, en reynt sé að halda sig við það mark.

Óhægt er um vik með samanburð frá því fyrir hrun, en þá var slegið mismunandi oft á svæðum eftir þörfum. Við stofnbrautir og fjölfarin svæði var slegið fimm sinnum að sumri, en nú aðeins þrisvar, líkt og áður segir.

Vegagerðin hefur umsjón með þjóðvegum í þéttbýli. Hún sagði upp viðhaldssamningum við sveitarfélögin í vor og sér því um grasslátt meðfram þeim núna. Til þeirra heyra Kringlumýrabraut, Miklabraut og Sæbraut, svo dæmi séu tekin. Sláttur þar fer þó í sameiginlegt útbod með öðrum svæðum í borginni.

Guðrún segir ekkert launungarmál að samdrátt-



**MINNI SLÁTTUR** Margir hafa tekið eftir því að sjaldnar er slegið í borgarlandinu nú en áður. Víða er að sjá sem kargapýfi sé á túnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ur hafi orðið í slættinum. „Það er slegið minna en áður, farnar færri umferðir. Það hefur verið árlegur niðurskurður í slættinum frá hruninu og þetta eru viðbrögð við þeim niðurskurðarkröfum sem á okkur voru settar.“

- kóp

ATH!

Nýmalaður  
pipar og ólífuolía  
Fullkomna pizzuna

**PIZZA**  
með beikoni, klettasalati og rjómaosti

Farðu inn á [gottimatinn.is](http://gottimatinn.is) til að fá alla uppskriftina og hugmyndir að fleiri girnilegum réttum.

# Vertu í góðu sambandi í sumar!

**3G Pungur**  
1 GB netnotkun  
á mánuði fylgir!

**990 kr.**  
á mán. í 12 mán.

3G pungur staðgreitt: 6.990 kr.  
Þú velur áskrift eða frelsi.



**Nova 3G Pungur** er hefðbundin nettenging sem breytir fartölvunni þinni í alvöru far-tölvu. Þú getur tekið punginn með þér upp í bústað eða hvert sem þú ferð innanlands.

**Nova 3G WiFi ferðabox** er þráðlaus WiFi nettenging fyrir allt að 5 tölvur samtímis. Þú getur tekið ferðaboxið með þér hvert sem er innanlands.



**3G WiFi ferðabox**  
1 GB netnotkun  
á mánuði fylgir!

**1.990 kr.**  
á mán. í 12 mán.

3G ferðabox staðgreitt: 16.990 kr.  
Þú velur áskrift eða frelsi.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

# NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919  
[www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er óþýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## GENGIÐ 30.06.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	114,22	114,76
Sterlingspund	182,68	183,56
Evra	165,26	166,18
Dönsk króna	22,153	22,283
Norsk króna	21,259	21,385
Sænsk króna	18,029	18,135
Japanskt jen	1,4198	1,4282

SDR 182,68 183,76

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,0729

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandaríska ríkið þarf meiri lán til að geta staðið undir afborgunum lána:

## Bandaríkjaþing frestar fríinu

**BANDARÍKIN, AP** Harry Reid, leiðtogi meirihluta demókrata í öldunga-deild Bandaríkjaþings, segir það hafa orðið niðurstöðu þingmanna að fresta sumarfríinu, sem átti að hefjast eftir helgi.

Þess í stað ætla þeir að halda áfram að reyna að ná samkomulagi um lántökuheimildir ríkisins. Barack Obama forseti hefur lagt mikla áherslu á að lántökuheimildin verði hækkuð verulega fyrir ágústbyrjun, því annars geti ríkið ekki greitt allar afborganir af skuldum sínum.

Greiðslufall Bandaríkjanna myndi hafa mikil áhrif á heims-

markaði. Pólitísk áhrif á kosninga-baráttuna á næsta ári yrðu væntanlega ekki minni.

Repúblikanar saka forsetann um ofuráherslu á skattahækkunir. Með því komi hann í raun í veg fyrir að þingið nái samkomulagi um ríkisskuldur og fjárlagahallann.

Obama svaraði því til nú í vikunni að repúblikanar þurfi bara að fallast á hugmyndir hans um að afnema skattafrádrátt milljarðamæringa, olíufélaga, vögunarsjóðsstjóra og þotueigenda í fyrirtækjum.



ÓSÁTTIR REPÚBLIKANAR Mike Lee, einn þingmanna repúblikana, tjáir sig um fjárlagahallann.

Skaðabætur vegna banaslyss:

## Borgin ábyrg fyrir drápstré

**DANMÖRK** Borgaryfirvöld í Óðinsvéum voru nýlega dæmd til að greiða skaðabætur vegna dauða manns sem lést árið 2005 eftir að tré fuk um koll og lenti á bíl sem hann ók.

Ekkja mannsins kærði borgina og komst landsréttur að þeirri niðurstöðu að tréð, sem var 180 ára gamalt og 20 metra hátt, hafi verið á ábyrgð yfirvalda. Það var löngu dautt, ræturnar morknaðar og því hafi hætta stafað af því. Ekkjan fær í sinn hlut jafnvirði 18,5 milljóna íslenskra króna.



SPÁÐ Í ÚTLITIÐ Tímaritið Newsweek birti tölvugerðar myndir í tilefni afmælisins.

NORDICPHOTOS/AFP

Díana hefði orðið fimmtug:

## Fjölmíðlar spá í hvar hún væri

**BRETLAND, AP** Miklar vangaveltur hafa verið í fjölmíðlum erlendis um það hvað Díana prinsessa væri að bardúsa og hvar hún byggji ef hún væri enn á lífi.

Tílefnið er fimmtugsafmælið, sem hún hefði átt í dag ef henni hefði auðnast aldur. Hún fórst í bílslysi í París árið 1997.

Breski blaðamaðurinn Andrew Morton, sem þekkti hana vel, telur að hún væri líklega búsett í Bandaríkjunum frekar en Bretlandi. „Líklega hefði hún náð sér í náunga með öll leikföngin. Þú veist: einkaþotu, snekkju og hús í Hamptons.“

Þá birti tímaritið Newsweek tölvugerðar myndir af Díönu, þar sem reynt er að giska á hvernig hún myndi líta út í dag.

## HEILBRIGÐISMÁL

## Ólafur stýrir lækningum

Ólafur Baldursson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri lækninga í nýju stjórnskipulagi Landspítala frá og með 1. júlí 2011. Framkvæmdastjóri lækninga hefur meðal annars það hlutverk að samþæfa faglega þætti í starfsemi spítalans, stuðla að öryggi, gæðum og hagkvæmni.

## Mistök að nefna ekki greiðslur til félaga

Ríkisendurskoðun segir svar forsætisráðherra við fyrirspurn um greiðslur til starfsfólks félagsvísindasviðs HÍ ófullnægjandi. Ekki hafi komið fram greiðslur til félaga í eigu starfsfólks. Þingmaður segir niðurstöðuna fagnaðarefni.

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun telur svar Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á þingi í desember síðastliðnum, við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um aðkeypta þjónustu ráðuneyta, ófullnægjandi.

Fyrirspurnin laut að kaupum á þjónustu frá starfsfólki félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.

Ríkisendurskoðun telur ekki ástæðu til að ætla að upplýsingum hafi vísitandi verið leynt í svari forsætisráðherra, en stærstu mistök forsætisráðuneytisins hafi verið þau að hafa ekki tilgreint í svari sínu greiðslur til félaga í eigu starfsfólks félagsvísindastofnunar, sem námu 37 milljónum króna, þó slíkt hafi verið tiltekið í fyrirspurn Guðlaugs. Að minnsta kosti hefði átt að setja í svarið fyrirvara um að lokasvar ráðuneytisins næði aðeins yfir greiðslur til einstaklinga.

Í athugasemdum ráðuneytisins er fallist á að rétt hefði verið að setja umræddan fyrirvara, en útilokað hafi verið að afla upplýsinganna innan lögbundins svarafrests.

Forsætisráðuneytið fékk upplýsingar frá öðrum ráðuneytum til að svara fyrirspurninni, en Ríkisendurskoðun bendir á að ráðuneytin hafi haft mismunandi skilning á efni fyrirspurnarinnar og það hefði forsætisráðuneytið þurft að fyrirbyggja.

Í athugasemd forsætisráðuneytisins segir að skilningur ráðuneytanna hafi verið „samræmdur í öllum meginatriðum“ og ráðuneytið hafi sinnt því hlutverki sínu „að því marki sem eðlilegt var“. Auk



ÓFULLNÆJANDI SVÖR Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við vinnubrögð forsætisráðuneytisins í svari þess við fyrirspurn um aðkeypta þjónustu ráðuneyta.

## Ábendingar í skýrslu Ríkisendurskoðunar

1. Skilningur ráðuneyta á efni fyrirspurnar þarf að samræma. Ríkisendurskoðun telur að það sé hlutverk þess ráðherra sem fær fyrirspurn að samræma skilning þeirra ráðuneyta sem koma að svari.
2. Forsætisráðuneytið þarf að hafa aðgang að öllum þeim upplýsingum sem til þarf frá öðrum ráðuneytum til að svara fyrirspurnum sem þessari.
3. Ráðuneytin þurfa að hafa betri yfirsýn yfir aðkeypta þjónustu, hvort sem greiðsla fer til einstaklinga eða félaga í þeirra eigu.
4. Setja þarf fastari reglur um greiðslur vegna sérfræðisþjónustu. Núverandi fyrirkomulag er ógegnsætt og veitir ekki nógu skýrar upplýsingar.

þess sé það mat forsætisráðuneytisins að svör einstakra ráðuneyta séu á ábyrgð þeirra sjálfra, en hlutverk forsætisráðuneytisins sé fyrst og fremst að hafa milligöngu um að safna svörum saman og birta með heildstæðum hætti.

Guðlaugur Þór sagði í samtali við Fréttablaðið að niðurstaða skýrslunnar væri mikið fagnaðarefni. „Þetta sýnir hversu mikilvægt

er að löggjafarvaldið hafi eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Þetta er áfellsdómur yfir störfum forsætisráðherra og alvarlegt að Ríkisendurskoðun þurfi til að fá réttar upplýsingar.“

Guðlaugur segir ábendingar Ríkisendurskoðunar vera gagnlegar og að hann muni fylgja þeim eftir þegar þing kemur saman.

thorgils@frettabladid.is

Kafbátaverkefni HR:

## Fékk fimm milljónir í styrk

**MENNTUN** Sjóður utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna styrkir kafbátaverkefni í Háskólanum í Reykjavík (HR) um fimm milljónir króna. Kafbáturinn Freyja fer eftir helgina til að taka þátt í alþjóðlegu kafbátakeppninni RoboSub í flotastöð sjóhers Bandaríkjanna í San Diego.

Að kafbátaverkefni HR standa tólf nemendur í tölvunarfræði og verkfræði auk Jóns Guðnasonar lektors sem er leiðbeinandi þeirra.

Luis Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna, og Björn Þór Jónsson, forseti tölvunarfræðideildar HR, skrifuðu undir styrktarsamning í HR í gær.

Eftir undirskrift átti að sýna kafbátinn að störfum en af því gat ekki orðið vegna leka sem uppgötvast hafði í stýrishúsi hans um morguninn. Gestir fengu í staðinn að skoða aðstöðu hópsins og tækniúnað sem notaður var við þróun kafbátsins.

- óka

Eftirlitsferð við flugvöll:

## Leyfislausir bílstjórar stöðvaðir

**LÖGREGLUMÁL** Leyfislausir atvinnubílstjórar voru stöðvaðir af eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar og lögreglunni í Keflavík á miðvikudag.

Eftirlitsferð var farin á bílastæði Keflavíkurflugvallar til að athuga leyfi hjá bílstjórum hóp-bifreiða og leigubíla. Nokkrir reyndust ekki vera með leyfismál sín á hreinu.

Samtök ferðaþjónustunnar greindu frá þessu í gær og segjast fagna eftirlitinu. Það sé í samræmi við vinnu samtakanna, sem hafi unnið að kortlagningu á leyfislausri starfsemi innan ferðaþjónustunnar.

- þeb

**Spjaldtölvur**  
Og aukabúnaður

Festingar í bíla.

Spjaldtölvur frá **2b.is** 21.500 kr

HUAWEI 3G netpungur 12.500

Er um á móti IKEA

Kauptún 3 - Garðabær - S:5 800 800 - www.2b.is

**VEÐURSPÁ**

**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝJAST FYRIR NORDAN** Það verður blautt á S-landinu næstu daga og einhver úrkoma um mest allt land. Það hlýnar á N-landi og verður mestmegnis þurr þar.

Á MORGUN 5-12 m/s

SUNNUDAGUR 5-13 m/s hvasast SA- og A-til

**HEIMURINN**

Alicante	28°
Basel	19°
Berlín	20°
Billund	17°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	27°
London	20°
Mallorca	29°
New York	28°
Orlando	31°
Ósló	24°
París	21°
San Francisco	25°
Stokkhólmur	25°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

ÍSLENSKA  
HAMBORGARAFABRIKKAN

ZOIO



GRILLAÐU-ONÍ-ÞIG

„Gerðu þinn eigin fabrikkuborgara  
- hráefnið fæst í Hagkaup“



CAPPUCHINO KARAMELLU ÍS  
ALVEG NÝTT



LAMBORGARI

Lamborgarinn á sér enga hliðstæðu  
Fyrsti sinnar tegundar á Íslandi



MORTHENS

„Dað er gott að elska“  
Bubbi Morthens



BARNABORGARI



STÓRI BÓ

„Dað er ekki gó fyrr en Bó segir gó“  
Björgvin Halldórsson



Grísakótilettur



Lambainnræri  
kryddlegið



Hamborgarar 80g  
4 stk með brauði - Nautaat



Nautakótilettur  
að argentískum hætti

TILBÚIÐ  
Á GRILLIÐ



- Beikonfyllt kartöfluhýði
- Berjabomba með kókosbollum
- Fylltir portabello sveppir
- Sætar kartöflur
- Maísstönglar
- Buffaló kjúklingavængir
- Kartöflubátar
- Marinerað grænmeti



TILBOÐ

SERRANO  
HRÁSKINKA  
399 kr/pk.



MARYLAND  
KEX  
99 kr/pk.



TILBOÐ

RISABRAUÐ  
199 kr/pk.



SYKURPÚÐAR  
250 G  
298 kr/pk.



TILBOÐ

KARAMELLU  
KAKA  
499 kr/stk.



ORKUDRYKKUR  
500ML  
108 kr/stk.



NÓA KROPP  
200 G  
299 kr/pk.



BBQ  
SÓSÚR



OPIÐ í sumar  
ALLAN sólarhringinn  
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 3. júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP  
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



Finnst þér eldislax góður mat-fiskur?

**JÁ** 46,7%  
**NEI** 53,3%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér að sameinaðir skólar í Reykjavík eigi að fá ný nöfn?

Segðu skoðun þína á visiris

visir



Í RÍKINU Forvarnasjóður úthlutar nú í síðasta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Úthlutun úr Forvarnasjóði: 72 milljónir til 102 verkefna

**FORVARNIR** Ríflega 72 milljónum hefur verið úthlutað úr Forvarnasjóði til 102 verkefna. Alls bárust umsóknir um 167 verkefni. Tekjur sjóðsins fást með áfengisgjaldi.

Árið 1996 var í fyrsta skipti úthlutað styrkjum úr sjóðnum og þetta er því í fimmtánda og jafnframt síðasta sinn sem styrkjum er úthlutað. Við hlutverki Forvarnasjóðs mun taka Lýðheilsusjóður sem verður í vörslu Landlækniseimbættisins.

Það er heilbrigðisráðherra sem úthlutar úr sjóðnum að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs, sem metur umsóknirnar í samstarfi við Lýðheilsustöð. -shá



**METOPNUN Í SELÁ 2011** Einar P. Kjærnesteð með 78 sentimetra hæng í opnun Selár. MYND/SVANPÓR EINARSSON

## Rúmlega þúsund laxar á land: Laxveiðin mun minni til þessa

**VEIÐI** Þegar um fjórar vikur eru liðnar frá því að fyrstu laxveiði-árnar opnuðu er ljóst að byrjun veiðitímans er mun lakari en í fyrra. Samarið 2010 var þó sérstakt hvað varðaði snemmgenginn lax.

Í fyrradag voru 1.037 laxar komnir á land úr 25 viðmiðunarám Landssambands veiðifélaga. Í fyrra voru 2.477 laxar komnir á land á sama tíma.

Árið 2006 höfðu veiðt 1.362 laxar á þessum tíma, 405 árið 2007, 1.298 árið 2008 og 1.261 árið 2009.

Sumarið 2007 veiddust alls rúmlega 37.000 laxar úr viðmiðunaránum. Árið 2010 voru þeir 48.580. -shá

## KJARAVIÐRÆÐUR

### Stefnir í verkfall hjá Klafa

Fundur Verkalýðsfélags Akraness og SA vegna starfsmanna hjá Klafa var árangurslaus í gær. Fyrirtækið sér um uppskipun og útskipun hjá Norður-áli og Járnblendinu á Grundartanga. Mikið ber í milli og hefur verkfall verið boðað 5. júlí, ef ekki semst.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ráðleggi landsbyggðinni í kynferðisbrotamálum:

## Vill efla kynferðisbrotadeildina

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónason innanríkisráðherra vill efla kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og gera hana ráðgefandi fyrir önnur embætti á landinu. Deildin mun ekki taka yfir rannsóknir heldur verða öðrum embættum til halds og trausts.

Víðtækt samráð fjölmargra hagsmunaaðila fór af stað í haust um hvaða leiðir mætti fara til að laga brotalamir í meðferð kynferðisbrotamála. Ögmundur segir að þessi tillaga sé ein þeirra sem fæðst hafi í því sam-



ÖGMUNDUR JÓNASSON

ráði. Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, hefur talað fyrir því að kynferðisbrotadeildin á höfuðborgarsvæðinu verði eflað. „Lögreglan víðs vegar um land hefur staðið sig mjög vel í rannsókni slíkra mála, um það eru mörg dæmi. Það eru hins vegar veikleikar í

þessu kerfi, á því leikur enginn vafi,“ segir Ögmundur. Hann nefnir því til sönnunar að deildir séu víða fámennar og eins geti nálægðin við málsaðila verið erfið.

Ögmundur sér þetta fyrir sér sem lið í lengra ferli sem hæfist á forgangsröðun innan lögreglunnar. „Það er hins vegar ekki nóg að breyta skipulagi ef ekki fylgir fjármagn með. Deildin er fámenn og henni er þröngur stakkur skorinn fjárhagslega. Það er nokkuð sem við verðum að laga.“ -kóp

## Ásaka Isavia um ósannindi

Talsmaður IFAW segir rangt að Isavia hafi ekki þekkt innihald auglýsinga gegn hvalveiðum. Mördur Árnason þingmaður hefur sent formlega fyrirspurn vegna málsins. Isavia gerði IFAW tilboð um fleiri auglýsingar.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Sú fullyrðing að þau hafi ekki vitað af innihaldi auglýsinganna er hrein ósannindi og á ekki við nein rök að styðjast,“ segir Sigursteinn Másson, talsmaður dýraverndunarsamtakanna International Fund of Animal Welfare (IFAW). „Þegar við gengum frá samningnum á sínum tíma lögðu þau meira að segja til að við keyptum fleiri auglýsingapláss. Þetta er með þvílíkum ólíkindum.“

Hjördís Guðmundsdóttir, talsmaður Isavia, ítrekar að auglýsingar IFAW í Leifsstöð hefðu aldrei farið upp ef Isavia hefði vitað nákvæmt innihald þeirra. Auglýsingarnar hafa nú verið teknar niður. Aðspurð hvers vegna fyrirtækið hefði ekki sent IFAW formlega útskýringu á aðgerðum sínum, segist hún ekki vilja ræða það í fjölmiðlum.

Hjördís sagði í Fréttablaðinu í gær að ástæða þess að auglýsingar IFAW hefðu farið upp væri að upphaflega hefðu þær verið án nokkurra skilaboða en svo hefðu samtökin breytt þeim án leyfis. Forsvarsmenn Leifsstöðvar hefðu aldrei fengið að sjá þær fullgerðar. Ákveðið hefði verið að taka skiltin niður eftir að IFAW breytti þeim.

Sigursteinn segir þessar fullyrðingar rangar og mjög alvarlegt að Isavia beri óheilindi upp á samtökin. „Þau hétu okkur og okkar lögmonnum því að gefa út formlega, skriflega útskýringu, en ekkert slíkt hefur borist,“ segir hann. „Síðan er í fjölmiðlum vísað í síðareglur sem Isavia vill ekki birta.“

Að sögn Sigursteins var í mars gengið frá samningnum um auglýsingar sem ættu að vera í formi upplýstra kassa sem hængju úr lofti. Þá hefði forsvarsmönnum Isavia strax verið gert ljóst að meginþemað væri „Hittið okkur – Ekki borða okkur,“ (e. „Meet us – Don't eat us“) og með því kæmu teikningar af hvólum. Hinum megin á kassana kæmi setn-



LEIFSTÖÐ Í BYRJUN JÚNÍ Auglýsingar alþjóðlegra dýraverndarsamtakanna IFAW og Samtaka hvalaskoðunarfyrirtækja fengu að hanga í Leifsstöð í þrjár vikur. MYND/IFAW

### Þingmaður vill skýr svör frá Isavia

Mördur Árnason alþingismaður sendi Birni Óla Hauksyni, forstjóra Isavia, opinbera fyrirspurn í gær vegna auglýsinganna sem fjarlægðar voru úr Leifsstöð. Á vefsvæði sínu á Eyjunni segir Mördur að fyrirspurnin sé til komin vegna óskýrra svara upplýsingafulltrúa Isavia í Fréttablaðinu í gær, þar sem hún neitaði að senda blaðinu síðareglur fyrirtækisins varðandi auglýsingar.

Mördur vill fá að vita hvaða reglur gildi um auglýsingar sem Isavia selji í Leifsstöð, hver hafi tekið ákvörðun um að þessar auglýsingar brytu í bága við reglur og hvaða reglur, og í hvaða öðrum tilvikum Isavia hf. hafi rift samningnum um auglýsingar í Leifsstöð. Svára er óskað sem fyrst.



MÖRÐUR ÁRNASON

Skyndiverkfall og fjöldamótmæli kennara og opinberra starfsmanna í Bretlandi:

## Bretar mótmæla niðurskurði

**BRETLAND, AP** Um 750 þúsund opinberir starfsmenn í Bretlandi lögðu niður vinnu í gær. Margir þeirra tóku þátt í mótmælaaðgerðum í London og víðar um landið.

Starfsemi lá meira eða minna niðri í skólum, hjá dómstólum, á skrifstofum skattstjóra og vinnumiðlunum en allt ætti þetta að komast í samt lag aftur í dag, þegar vinna hefst að nýju.

Breskir launþegar mótmæla niðurskurði í ríkisfjármálum, einkum fyrirhugaðri skerðingu lífeyrisbóta.

Verkfallið í gær, sem stóð einungis í einn dag, er aðeins hið fyrsta af mörgum sem bresk verkalýðsfélög hafa skipulagt í sumar. Verkfallsaðgerðunum verður öllum beint gegn aðhaldsaðgerðum samsteypustjórnar breska íhaldsflokksins og Frjálslyndra, sem tók við kreppuvanda ríkisstjórnar Verkamannaflokksins eftir kosningar á síðasta ári.



MANNFJÖLDI VIÐ ÞINGHÚSIÐ Í London komu þúsundir manna saman til að mótmæla skerðingu lífeyrisbóta. NORDICPHOTOS/AFIP

Helen Andres frá breska kennarasambandinu segir bresku stjórnina krefjast þess að kennarar greiði meira til ríkisins og vinni meira en fá minni laun.

Hún segir David Cameron for-

sætisráðherra hafa sakað kennara um síðleysi með því að leggja niður kennslu en spur á móti: „Hver er í raun siðlaus? „Þjófurinn eða þeir sem reyna að stöðva þjófinn?“ -gb

Árásin á hótél í Kabúl:

## Hreyfing tengd Al Kaída ábyrg

**AFGANISTAN, AP** Fjölbjóðaherlið Alantshafsbandalagsins í Afganistan sakar Haqqani-hópinn, herská samtök tengd Al Kaída-hreyfingunni, um að hafa staðið að baki sjálfsvígisárásinni á hótél í Kabúl á mánudagskvöld.

Haqqani-hópurinn er með höfuðstöðvar í Pakistan og hefur fengið að vera þar að mestu í friði fyrir stjórnvöldum. Árásarmennirnir voru níu og létu þeir allir lífið, en að auki kostaði árásin elfu manns lífið. Átökum lauk ekki fyrr en undir morgun á þriðjudag. -gb



SIGURSTEINN MÁSSON



HJÖRÐÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

Þegar við gengum frá samningnum á sínum tíma lögðu þau meira að segja til að við keyptum fleiri auglýsingapláss.

SIGURSTEINN MÁSSON TALSMANNDUR IFAW

ing á ensku: „Hvalir eru drepnir til að fæða ferðamenn. Ekki fara frá Íslandi með óbragð í munn.“

Í tölvupósti frá IFAW til Isavia, dags 11. mars síðastliðinn, sem Fréttablaðið hefur fengið að sjá, er megininntak auglýsinganna útskýrt. Í svarbréfi, dagsett 15. mars, er IFAW tjáð að Isavia lítist vel á hugmyndina og best væri að koma auglýsingunum upp í landgangi eða á níu fremstu skiltum.

„Auðvitað þarf ekki að taka fram að löngu fyrir sumarið voru öll smáatriði komin á borðið,“ segir Sigursteinn, og bætir við að Isavia hafi ekki gert neinar athugasemdir við skiltin þegar þau voru komin upp. Í byrjun júní hafi fulltrúi Isavia gengið um rýmið með Clare Sterling, upplýsingafulltrúa IFAW, til að ganga úr skugga um að uppsetningin væri í lagi. „Það kom aldrei fram af hálfu Isavia að þessi tiltekna setning um að verið sé að drepa hvali væri vandamál,“ segir hann. „Þetta er ódýr eftiráskýring sem stenst ekki.“ sunna@frettabladid.is

Líkur á vaxtahækkun í Evrópu:

## Verðbólga ógnar stöðugleika

**EFNAHAGSMÁL** Líkur eru taldar á að Evrópski seðlabankinn hækki stýrivexti sína um 0,25 prósentustig á næsta vaxtaákvörðunarfundi sínum í næstu viku. Verði það raunin fara stýrivextir á evrusvæðinu í 1,5 prósent.

Stýrivextir höfðu verið óbreyttir á evrusvæðinu þar til í apríl, þegar þeir fóru úr einu prósentu í 1,25 prósent.

Jean-Claude Trichet, fráfarandi seðlabankastjóri, ítrekaði í erindi sínu á Evrópuþinginu í Brussel í gær að aukin verðbólga á evrusvæðinu gæti ógnað efnahagslegum stöðugleika. -jab



JEAN-CLAUDE TRICHET

# Við biðjumst velvirðingar

Eftir ágæta frammistöðu í stundvísi síðasta hálfu árið hefur áætlunarflug okkar í júní því miður verið langt frá því sem viðunandi er. Á því biðjum við farþega okkar innilega afsökunar. Ástæða þessara seinkana er að mestu fólgin í breytingum á þjónustu við vélar okkar í Keflavík sem nauðsynlegt var að ráðast í um síðustu mánaðamót. Í upphafi var gert ráð fyrir að þær breytingar hefðu einungis í för með sér truflanir í örfáa daga en af óviðráðanlegum ástæðum hefur breytingaferlið tekið lengri tíma en séð var fyrir.

Iceland Express hefur sett sér það markmið að vera með vélar sínar á réttum tíma, þ.e. innan 15 mínútna skekkjumarka, í að minnsta kosti 75% tilfella. Fyrir sparnaðarflugfélag sem verður að halda niðri kostnaði með öllum tiltækum ráðum er það metnaðarfullt markmið en samt ekki óraunhæft. Við stefnum þangað ótrauð og vonum að á leiðinni verði okkur bæði sýndur skilningur og stuðningur.

Samhliða yrustu öryggiskröfum hefur Iceland Express alla tíð einbeitt sér að því að lækka verð á flugi til og frá Íslandi. Engum dylst að það hefur tekist afar vel - og engum getur heldur dulist hve miklu máli það skiptir fyrir frelsi okkar til að ferðast og möguleika útlendinga til að heimsækja land og þjóð. Margir telja að félagið hafi á undanförunum árum lækkað verð hvers farmiða flugfélaganna sem hingað fljúga um verulegar fjárhæðir. Um tvær milljónir ferðamanna fara um Leifsstöð á þessu ári og enda þótt einungis sé reiknað með tíu þúsund króna lægra fargjaldi hvers þeirra vegna tilvistar Iceland Express á markaðnum þýðir það heildarsparnað upp á um 20 milljarða króna. Þannig stendur Iceland Express undir nafni sem ósvikið sparnaðarflugfélag fyrir farþega sína um leið og það leggur samfélaginu til mikil verðmæti.

Um þessar mundir flytur Iceland Express um hálfu milljón farþega á ári og veitir hátt í 300 manns atvinnu. Með starfsemi okkar og flutningi erlendra ferðamanna til landsins sköpum við umtalsverða atvinnu í ferðaþjónustu á Íslandi. Í þeim efnum erum við staðráðin í að leggja enn meira af mörkum á næstu misserum. Við vitum að forsenda þess að þau áform gangi eftir er bætt frammistaða í áreiðanleika. Þess vegna munum við leggja allt í sölurnar fyrir aukna stundvísi.



**Iceland Express**  
-lækkar verð





1. Hvað heitir nýsameinadur skóli Öskjuhlíðar- og Safamýrarskóla?
2. Hvar var í vikunni farið í skrímslarannsóknarleiðangur?
3. Hvar á Akureyri hefur Icelandair opnað nýtt hótél?

## SVÖR:

sem datur var lönskóli Akureyrar.  
Arnartrél. 3. Við Þingvallastæði 23, þar  
1. Klettaskóli. 2. í Geirþjófsstríti

## Færri nýskráð fyrirtæki í maí: Gjaldprotum fjölgar um 79%

**EFNAHAGSMÁL** Mun fleiri fyrirtæki voru tekin til gjaldprotaskipta í maí í ár en í fyrra, 172 samanborið við 96 í fyrra, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Þetta er um 79 prósent fjölgun á milli ára. Fyrstu 5 mánuði ársins hafa 699 fyrirtæki orðið gjaldprotta, um 53 prósentum fleiri en á sama tíma í fyrra. Flest fyrirtækin voru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

Alls voru skráð 108 ný einkahlutafélög (ehf.) í maí 2011. Það er þriðjungur minna en á sama tíma í fyrra þegar félagin voru 161. Flest félagin voru skráð í Fasteignaviðskipti. Alls hafa verið skráð 696 einkahlutafélög fyrstu fimm mánuði ársins, eða um sjö prósent færri en á sama tíma í fyrra.

- kóp

Minni loðnustofn á Íslandsmiðum veldur lækkandi meðalþyngd þorsks:

## Fæðuval þorsksins tekur breytingum

**NÁTTÚRA** Töluverðar breytingar hafa orðið á fæðu þorsks á Íslandsmiðum á síðasta aldarfjórðungi. Minnkandi stofnar loðnu og rækju undanfarnir tíu til fimmtán ár hafa valdið því að meðalþyngd þorsks hefur dregist saman síðustu tíu ár. Þetta eru niðurstöður rannsókna Ólafs K. Pálssonar og Höskuldur Björnssonar, sérfræðinga hjá Hafrannsóknastofnun.

Ólafur og Höskuldur birtu nýverið grein í vefútgáfu tímarits Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES Journal of Marine Science). Í greininni er fæðuvali þorsks lýst og gerð grein fyrir langtímabreytingum í áti hans frá 1981 til 2010.

Hafrannsóknastofnun hefur rannsakað fæðu þorsks á Íslandsmiðum undanfarna þrjú áratugi. Þessar rannsóknir hafa einkum farið

fram í mars, í árlegu togararalli frá árinu 1985, en einnig að haustlagi í hausralli frá 1996.

Meginfæða þorsks öll árin sem rannsóknin nær til var loðna, rækja og ljósáta. Af þessum þremur fæðustofnun er loðnan þó langmikilvægust, eins og fyrri rannsóknir hafa ítrekað sýnt.

Verulegar breytingar hafa orðið á áti þorsks á tímabilinu, ekki síst í áti á loðnu og rækju en át á þeim hefur minnkað nokkuð á síðustu fimmtán árum. Rannsóknin sýnir að þorskunum tekst ekki að bæta að fullu minna át á loðnu þegar loðnustofninn er lítill með áti á annarri bráð. Minni loðnustofn er því sennilega ein helsta skýring þess að meðalþyngd þorsks hefur lækkað undanfarnir tíu ár.

- mpl



**ÞORSKAR** Loðna er langmikilvægasta fæða þorsks en þar á eftir koma rækja og ljósáta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ljúka ekki tannviðgerðum

Samþykktar voru gjaldfrjálsar tannviðgerðir fyrir 1.056 börn á aldrinum þriggja til átján ára. Sótt um fyrir 1.335 börn. Afleit tannheilsa hjá mörgum barnanna. Ráðuneytið skoðar leiðir til þess að ljúka viðgerðunum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Tryggingastofnun samþykkti umsóknir um gjaldfrjálsar tannviðgerðir fyrir 1.056 börn tekjulágra foreldra. Ekki mun takast að ljúka viðgerð á tönnum allra þessara barna í sumar, að því er Teitur Jónsson, forseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands greinir frá. Átaksverkefni velferðarráðuneytisins er tímabundið og fer fram á tannlæknadeildinni í Læknagarði meðan hlé er á kennslu.

„Það hefur ræst úr með þátttöku tannlækna í verkefninu en það mun ekki takast að klára allt sem þarf að gera áður en kennsla hefst í tannlæknadeild í lok ágúst og samningurinn rennur út. Haldið verður áfram að minnsta kosti út næstu viku. Eftir sumarleyfi þurfum við svigrúm til þess að undirbúa deild-

ina undir kennslu sem hefst í lok ágúst,“ segir Teitur.

Ástandið á tönnum barnanna sem þegar hafa komið í skoðun hefur verið mjög mismunandi. „Þetta er allt frá því að vera minniháttar vandamál upp í afleita tannheilsu og miklar skemmdir. Það eru fjöldamörg dæmi um að börn hafi komið með margar skemmdir tennur, jafnvel 20 alls. Það eru einnig dæmi þess að draga hafi þurft fullorðins-tennur úr börnum.“

Átaksverkefnið nær til barna á aldrinum þriggja til 18 ára. „Það kemur mér eiginlega á óvart að fleiri tekjulágir skuli ekki hafa sótt um gjaldfrjálsar tannviðgerðir fyrir börnin sín. Þetta eru 16 árgangar og í hverjum árgangi eru um fjögur til fimm þúsund börn,“ bendir Teitur á



**HJÁ TANNLÆKNINUM** Gert verður við tennur barna í Læknagarði að minnsta kosti út næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

en alls var sótt um fyrir 1.335 börn.

Hann telur að takast muni að skoða tennur meirihluta þeirra barna sem fengið hafa samþykki Tryggingastofnunar í sumar.

Samningurinn um viðgerðirnar gildir til 26. ágúst. Þar sem ekki mun takast að ljúka tannviðgerðunum fyrir þann tíma er óljóst hvernig þjónusta á þau börn sem standa út af.

Helga Ágústsdóttir, deildarstjóri í velferðarráðuneytinu, segir menn vera að huga að úrræðum.

„Ráðuneytið er að skoða leiðir til að bregðast við þessu,“ segir hún.

Sjúkratryggingar Íslands hafa nú framlengt samning við tannlækna um forvarnarskoðanir þriggja, sex og 12 ára barna til næstu áramóta.

ibs@frettabladid.is

## Útilegukortið býður þér og fjölskyldunni þinni nær ótakmarkaðan aðgang að 42 tjaldsvæðum um allt land fyrir aðeins 14.900 krónur.

Eftirfarandi stéttar- starfsmanna- og verkalyðsfélög niðurgreiða að hluta eða miklu leyti Útilegukortið til sinna félagsmanna. Kannaðu málið hjá þínu félagi.

AFL - Starfsgreinasamband  
Aldan stéttarfélag  
Bandalag Háskólanna  
Blaðamannafélag Íslands  
BRÚ - Félag stjórnenda  
Drífandi stéttarfélag  
Efling stéttarfélag  
Eining - Iðja  
Fagfélagið  
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins  
Félag iðn- og tæknigreina  
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga  
Félag íslenskra hljómlistarmanna  
Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri  
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum  
Félag starfsmanna stjórnarráðsins  
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna  
Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri og nágrenni  
Foss - Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi  
Hlíf  
Kennarasamband Íslands  
Kjölnur  
Landssamband lögreglumanna  
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna  
Lyfjafræðingafélag Íslands  
Matvís  
Póstmannafélag Íslands  
Rafiðnaðarsamband Íslands  
Samstaða

SFR - Stéttarfélag í almannatjónustu  
Sjómannafélag Eyjafjarðar  
Sjómannafélagið Jötunn  
Sjúkraliðafélag Íslands  
Skjöldur - Starfsmannafélag Arion banka  
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsýslu  
Starfsmannafélag Fjarðarbyggðar  
Starfsmannafélag Garðabæjar  
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar  
Starfsmannafélag ÍAV  
Starfsmannafélag Kópavogs  
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar  
Starfsmannafélag N1  
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar  
Starfsmannafélag Suðurnesja  
Stéttarfélag Vesturlands  
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis  
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur  
Verkalýðsfélag Akraness  
Verkalýðsfélag Snæfellinga  
Verkalýðsfélag Suðurlands  
Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Verkstjórafélag Akureyrar  
Verkstjórafélag Austurlands  
Verkstjórafélag Suðurnesja  
VM - Félag vélstjóra og málm-tæknimanna  
VR  
Vörður - Félag stjórnenda á Suðurlandi  
Þjónustuskrifstofa Stéttarfélaga á Suðurlandi

Kortið fæst hjá Íslandspósti eða í verslun Víkurverks Víkurharfi 6.



Útilegukortið - ferðafélaginn þinn

Sími 552 4040 | www.utilegukortid.is | utilegukortid@utilegukortid.is



# Heill heimur af hollustu!

Í meira en 30 ár höfum við kappkostað að bjóða upp á hollustuvörur í hæsta gæðaflokki.

Í Heilsuhúsinu færð þú matvörur úr lífrænni ræktun, snyrtivörur án aukaefna, vítamín og bætiefni, umhverfisvænar hreinlætis- og heimilisvörur svo fátt eitt sé nefnt.

Líttu við og leyfðu starfsfólki Heilsuhússins að aðstoða þig.



## Slökun

Burt með Stressið.  
Mest selda  
magnesium duftið.

**20%  
afsláttur**



TRUE FOOD®

Vítamín frá Higher Nature - Hámarks virkni!

**20%  
afsláttur**



## Nutri-Lenk Active

Frábært smurefni  
fyrir liðina.

**20%  
afsláttur**

**20%  
afsláttur**



## Amé

Ferskur og svalandi í allt sumar.

Tilboðin gilda til 10. júlí

## Yogi íste

Fáðu spennandi uppskrift að  
Yogi ístei í Heilsuhúsinu.



YOGI TEA



náttúrulega

heilsuhúsið

LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRATORGI • LÁGMÚLA • SELFOSSI • AKUREYRI • REYKJANESBÆ



## Ertu á leið í Grímsnesið?

Nú hefur þú aðgang að enn fleiri sjónvarpsstöðvum í Grímsnesinu. Kynntu þér Vodafone Sjónvarp gegnum Digital Ísland í 1414 eða á [vodafone.is](http://vodafone.is).

Vodafone – með þér í sumar

[vodafone.is](http://vodafone.is)

## FRÉTTAVIÐTAL: Matína Iriotú

# Grikkland hið ljúfa við ginnungagapið

Daglega heyrum við af efnahagslegum ógöngum Grikkja og af reiðum almenningi sem mótmælir á götum Aþenuborgar. Fréttablaðinu lék hins vegar forvitni á að vita hvernig grískur almenningur upplifir þessar hræringar sem nú eiga sér stað. Matína Iriotú, blaðamaður hjá dagblaðinu Ta Nea, var til í að segja frá afleiðingum hremminganna sem landar hennar eru að takast á við.



MATÍNA IRIOTÚ Hremmingarnar í Grikklandi hafa víðtæk áhrif og hið ljúfa líf sem Grikkir voru þekktir fyrir verður nú að víkja fyrir bráðri neyð.

### Endalok hins ljúfa lífs

„Já, varstu hérna árið 2000,“ spyr Matína eftir stutta spjall. „Þú myndir nú aldeilis mæta breyttri þjóð ef þú kæmir hingað í dag. Árið tvö þúsund ríkti bjartsýnin ein hér í landi, Ólympíuleikarnir voru á næsta leiti og allir stóðu í þeirri meiningu að fjárhagurinn færi bara upp á við. Það er langt frá þeirri hryggðarmynd sem blasir við í dag.“

Fyrir það fyrsta hefur fólk ekkert á milli handanna þannig að fjöldi verslana hefur hætt rekstri og fjöldinn allur berst í bökkum. Það var grískur lífsstíll að borða úti og bregða sér út til að sötra kaffi eða vín hvenær sem færi gæft enda var það á flestra færi. Nú þegar meðallaun ríkisstarfsmanns eru um 700 evrur (116 þúsund íslenskra króna), og í einka-geiranum er þetta svipað, þá hefur enginn efni á því að borga 15 til 20 evrur (2.500 til 3.300 ísl.kr.) sem er verðið fyrir meðalmálsvæði nú til dags.

Veitingastaðir voru áður fyrr taldir tiltölulega öruggur rekstur en nú hefur fjöldanum öllum verið lokað og aðrir standa tæpt. Eins var tónlistar- og skemmtanaíðnaðurinn afar stór hér á landi. Til eru margir afar stórir skemmtistaðir þar sem bestu listamenn landsins troða upp meðan gestir drekka og borða. Þessir staðir voru hér áður yfirleitt troðfullir fimm daga vikunnar en nú eru þeir einungis opnir á föstudags- og laugardagskvöldum. Þannig að þessar hremmingar bitna ekki bara á buddunni heldur breytir þetta þjóðarsálinni; Grikkir eru aðrir en þeir voru.“

### Enginn öruggur nema tungumálaskólinn

Matína gefur þó ekkert fyrir þá hugmynd sem hún segir marga Norður-Evrópubúa hafa um Grikki; að þeir séu latir. „Þegar almenningur fór að lenda í kröggum með lánin brugðust flestir við með því að fá sér aukavinnu til að ná endum saman, það var mjög algengt. En nú er atvinnulaus maður á hverju heimili og þeir sem eru í vinnu þakka bara guði sínum fyrir það. En skuldirnar fara ekkert.“

Þetta hefur líka þær afleiðingar að ungt fólk kemst ekki að heiman. Til dæmis er leigan á íbúðarkytru fyrir einn í meðalhverfi í Aþenu um 300 evrur (upp undir 70 þúsund íslenskra króna). Jafnvel þó bæði vinni úti þá er varla hægt að ná endum saman. Annað sem hefur breyst er að hér áður taldi fólk sig komið í öruggt skjól ef það var búið að fá fastráðningu hjá ríkinu eða var komið á eftirlaun. Nú eru launin hjá ríkinu orðin svo lág að það er heldur farið að blása í þetta skjól.

Síðan er lífeyrir akurbænda, til dæmis, um 400 evrur á mánuði

## Skattahækkningar og niðurskurður

### Skattahækkningar upp á 14,1 milljarð evra

Skattar hækka um 2,32 milljarða evra í ár, 3,38 milljarða á næsta ári, 152 milljónir árið 2013 og 699 milljónir árið 2014.

Nýr stóreignaskattur lagður á og virðisaukaskattur hækkaður úr 19 prósentum í 23 prósent. Einnig lagður á hátekjuskattur og nýr skattur á að fyrirtækja. Þá verður lagður sérstakur skattur á munaðarvörur á borð við snekkjur, sundlaugar og bifreiðar.

Vörugjöld á eldsneyti, tóbak og áfengi hækka um þriðjung.

### Niðurskurður ríkisútgjalda upp á 14,3 milljarða evra.

Laun ríkisstarfsmanna lækka um 15 prósent. Einungis verður endurráðið í stöður eins af hverjum tíu ríkisstarfsmönnum, sem hætta störfum á þessu ári, og eins af hverjum fimm næstu árin.

Útgjöld til almannatrygginga lækkuð um ríflega milljarð evra á ári til ársins 2015. Lögbundinn eftirlaunaaldur hækkaður úr 61 ári í 65.

Útgjöld til heilbrigðismála dregin saman um 310 milljónir evra á þessu ári og 1,81 milljarð evra samtals árin 2012 til 2015.

Útgjöld til varnarmála dregin saman um 200 milljónir evra árið 2012 og síðan 333 milljónir evra árlega næstu þrjú árin.

## Ástandið

### Skuldirnar

Gríska ríkið skuldar 350 milljarða evra eða nærri 150 prósent af þjóðarframleiðslu sinni. Þetta eru þó aðeins 3,7 prósent af sameiginlegri þjóðarframleiðslu allra ríkja evrusvæðisins.

### Atvinnuleysið

Atvinnuleysi á Grikklandi er að nálgast 17 prósent og hefur aukist um meira en helming á einu ári. Í Evrópusambandinu er atvinnuleysi að meðaltali um 10 prósent, mest á Spáni þar sem það er 20 prósent.

þannig að þó þeir búi í þorpum þar sem ódýrara er að lifa þá komast þeir varla af með þessa hungurlús. Það er sem sagt enginn öruggur lengur, það er veruleikinn sem við erum að takast á við núna.“

Hún nefnir þó einn geira sem enn hefur ekki fundið mikið fyrir kreppunni og má það dæmi teljast lýsandi fyrir hugsunarhátt Grikkja. „Flest grísk börn og unglingar ganga í tungumálaskóla eða nema eitthvað annað utan hins hefðbundna skóla. Það er eins og foreldrar vilji frekar svelta en að gefast upp á því að veita börnum sínum þessa aukamenntun. Tungumálaskólar standa því ennþá verulega vel hér í landi þrátt fyrir allt.“

### Umslagið alræmda

Það er alþekkt á Grikklandi að þeir sem slasast verði að greiða læknum undir borðið til þess að fá aðhlyningu við hæfi. Þetta er kallað „umslagið“. Matína segir umslagið þrífast víðar. „Ég hef aldrei á ævinni látið umslag af

Ég hef aldrei á ævinni látið umslag af hendi rakna en ég veit þó vel að það eru í raun tvö kerfi í gangi. Það opinbera og það svarta.

hendi rakna en ég veit þó vel að það eru í raun tvö kerfi í gangi. Það opinbera og það svarta. Fjöl-margir drýgja tekjur sínar með umslaginu og þeir sem sjá um eftirlit fá sjálfir umslag.“

Hún segir enn fremur að reiði Grikkja snúi ekki að sérstökum stjórnmálaflokkum heldur allri stjórnsýslunni í heild. „Skattkerfið er ósanngjarnt og síðan er eftirlitið í molum þannig að þetta er eins óskilvirkt og það getur orðið,“ segir hún. „En aðallega er almenningi misboðið vegna blekkinganna. Nú erum við í aðstæðum sem enginn gat ímyndað sér fyrir tveimur árum þannig að fólki finnst það hafa verið blekktt og það sem við óttumst mest er að þessum blekkingaleik sé ekki lokið.“

Að lokum spyr blaðamaður hvaða lausnir hafi verið ræddar til að koma landinu aftur á kjölinn. „Við erum bara úti í straumþungu fljóti og náum ekki taki á árbakkunum, það er fátt um lausnir þegar þannig er fyrir manni komið.“

Jón Sigurður Eyjólfsson  
jse@frettabladid.is



RULE N°6:  
ICONS GET STRONGER WITH TIME.



**TUDOR HERITAGE CHRONO**  
Self-winding mechanical movement  
Bidirectional rotatable steel bezel  
Sapphire crystal, screw-down crown  
Waterproof to 150 m, steel case 42 mm

tudorwatch.com



**TUDOR**  
WATCH YOUR STYLE



**MICHELSEN**

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - [www.sviss.is](http://www.sviss.is)

# Erum að endurskapa bankann

**Steinþór Pálsson** bankastjóri fullyrðir að Landsbankinn hafi breyst mikið á undanföllum mánuðum og alvara sé í breytingunum. Hann vill að bankinn verði samfélagslega ábyrgur og geti boðið Íslendingum sams konar þjónustu og bankar á Norðurlöndum bjóða sínum viðskiptavinum. Í gær var tilkynnt að bankinn hefði lokið við 28 atriða aðgerðalista sem settur var fram í febrúar. Steinþór ræddi um uppbyggingu bankans eftir hrun við *Pórunni Elísabetu Bogadóttur*.

**V**ið erum að breyta bankanum og okkur er mikil alvara þar,“ segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. Hann tók við stjórnartauunum í bankanum fyrir rúmu ári og segir að ný stefnumótun hafi hafist strax. „Ég hitti allt starfsfólkið á litlum fundum, ég kynntist starfsfólkinu þannig og það fékk tækifæri til að segja hvað það teldi vera nauðsynlegt að gera og hverju þyrfti að breyta. Á grundvelli þess bjuggum við til nýja stefnu, þar sem eru fjórar meginstöðir: öflug líðsheid, traustir innviðir, ánægðir viðskiptavinir og ávinningur fyrir samfélag og eigendur. Þetta verður allt að vera í jafnvægi, engin stöðin er mikilvægari en önnur.“

## Mikilvægt að loka hrunkalla

Landsbankinn hélt opna fundi um allt land í vetur og auglýsti aðgerðalista, sem átti að koma í framkvæmd á fyrstu sex mánuðum ársins. Á listanum eru fjölmörg atriði, allt frá nýjum síðasáttmála, sem allir starfsmenn skrifuðu undir, og til aðgerða í skuldavanda heimila og fyrirtækja. Steinþór segir að margt hafi verið gert í skuldavandanum, víðtækari lausnir en áður hafi verið í gangi. Bankinn vilji jafnframt bæta þjónustu, vera hreyfifla og aðstoða við að koma hjólu atvinnulífisins í gang, og vera á sama tíma samfélagslega ábyrgur. Í gær var svo tilkynnt opinberlega að staðið hafi verið við öll loforðin á aðgerðalistanum, 28 talsins.

Við erum í rauninni að endurskapa bankann, og við teljum vera mjög mikilvægt að reyna að loka þessum hrunkalla. Skilja hann eftir í fortíðinni og reyna að komast inn í framtíðina og móta hana. Ég fullyrði að bankinn hefur breyst mjög mikið á undanföllum mánuðum. Það er búið að vera mjög mikið að gera á þessu sviði, fjöldi verkefna í gangi og þetta hefur reynt mikið á starfsfólkið. En um leið er búið að vera gaman í vinnunni, þó þetta sé erfitt. Efnahagsástandið er náttúrulega erfitt og staðan hjá mörgum viðskiptavinum okkar er mjög erfið.“ Steinþór segir bankann taka þá stöðu mjög alvarlega. Um hrúnið segir Steinþór að við sem þjóð þurfum að læra af því. „Við þurfum að gera meiri kröfur til fyrirtækja, meðal annars þarf að herða á skilum á ársreikningum, svo að menn geti betur átt viðskipti, gengið að upplýsingum og byggt upp traust smátt og smátt.“

## Eignarhald ríkisins er kostur

Spurður hvort það skipti máli að bankinn sé ríkisbanki segir Steinþór að bankinn sé banki á samkeppnismarkaði, hlutafélag sem vilji svo til að ríkið sé stærsti hluthafi í. „Við teljum það



Í **BANKARÁÐSHERBERGINU** Steinþór Pálsson var ráðinn bankastjóri Landsbankans um mitt ár í fyrra, en áður sinni hann framkvæmdastjórastöðum hjá Actavis á Möltu, í Bandaríkjum og á Íslandi. Fyrir þann tíma starfaði hann lengi hjá Verzlunarbbankanum og svo Íslandsbanka.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

vera kost, sérstaklega nú um stundir, að hafa skýrt eignarhald. Aðrir bankar eru ekki með nægilega skýrt eignarhald, það þyrfti náttúrulega að breytast hjá þeim þannig að fólk fái að vita hvernig eigendurnir koma að starfsemi.“ Stjórnendur bankans stýra daglegri starfsemi, segir Steinþór, en vissulega hafi verið litið til eigendastefnu ríkisins í stefnumótun. „Fyrst og fremst vorum við samt að hlusta á starfsfólkið og viðskiptavinina – samfélagið. Við vildum vita hvað banki þarf að gera til að virkilega geta nýst samfélaginu, eigendum og hagsmunaaðilum vel.“

## Sendu fólk út með beinbrot

Landsbankinn kynnti aðgerðir í skuldamálu í maí, endurgreiðslu á vöxtum viðskiptavina sem hafa staðið í skilum, lækku á fasteignaskuldum og niðurfellingu á öðrum skuldum. Aðgerðirnar hafa meðal annars verið gagnrýndar af öðrum bönkum. Steinþór segir þó að viðbrögð viðskiptavina hafi verið mjög góð.

„Stundum hefur okkur fundist að líkja mætti stöðunni við að fólk hafi verið að koma til okkar með handleggsbrot og fótbrot. Við höfum haft 110 prósentu leiðina og boðið fólk hana. Við höfum þá gert að öðru brotinu og sent fólk aftur út. Við töldum hins vegar að það væri ekki nóg. Núna erum við að reyna að taka á báðum brotum ef við getum sagt sem svo. Fólk fer þá frá okkur með gifs í bili, en losnar svo vonandi við það. Það er til lítils fyrir þá sem skulda mikið af lausaskuldum að lækka bara húsnæðislánin. Þessar aðgerðir eru hluti þess sem við viljum gera til að ná að hreinsa til eftir hrúnið. Vonandi komast sem flestir á sémilega lygnan sjó.“

Steinþór segir mörg þúsund umsóknir hafa borist um þessar lausnir og að hann vonist til að sem flestir reyni að leysa mál sín hjá bankanum. „Þetta er flókin úrvinnsla svo við viljum reyna að gera sem mest næstu mánuði og klára hlutina. Stefnan er að taka til. Við viljum taka til í okkar ranni, og við getum það ekki nema viðskiptavinirnir verði fjárhagslega heilbrigðari. Við sjáum þetta sem gagnkvæman ávinning og lítum á þetta á viðskiptalegum grunni, að hag okkar sé svona best borgið til fram-

## Alltaf verkefni í jafnréttismálum

Meðal þess sem bankinn lofaði var að jafna hlut kynjanna í forystusveit. Hefur jafnrétti verið komið á? „Það eru alltaf verkefni þarna. Síðastliðið haust auglýstum við allar framkvæmdastjórastöður. Flestir framkvæmdastjórnanna voru nýir og þar voru kynjahlutföllin jöfnuð. Við höfum jafnað kynjahlutföll í öllum dótturfélögum og þeim stjórnnum sem við ráðum yfir. Við fylgjumst með launamuninum og höfum birt í árskýrslu hvernig munurinn er á mismunandi stjórnunarstigum og það er í jafnvægi.“



Stundum hefur okkur fundist að líkja mætti stöðunni við að fólk hafi verið að koma til okkar með handleggsbrot og fótbrot... við höfum gert að öðru brotinu og sent fólk aftur út. Við töldum hins vegar að það væri ekki nóg.

tíðar. Það fer saman við hag viðskiptavina og samfélagsins í heild.“ Steinþór viðurkennir að þó vilji sé til að klára sem flest mál á þessu ári séu flókin úrlausnarefni sem muni taka lengri tíma.

## Áherslan verði á þá verst stöddu

Aðgerðirnar bankanna í skuldamálu hafa einnig verið gagnrýndar, meðal annars fyrir að lítið sé gert fyrir þá sem hafa staðið í skilum og falla ekki í flokk hinna verst stöddu.

„Það er rétt að þeir sem ekki hafa verið mjög skuldsettir og hafa staðið í skilum hafa ekki fengið mikla athygli fram að þessu. Áherslan hefur eðlilega beinst mest að þeim sem verst standa. Með nýjum úrræðum Landsbankans eru settar fram leiðir fyrir þá sem hafa staðið í skilum, endurgreiðsla vaxta beinist að þeim og sömuleiðis niðurfelling annarra skulda sem oft er tilkomnar vegna viðbótarskuldbindinga sem fólk hefur tekist á herðar til að standa undir endurgreiðslu fasteignalána. Áhrifin af hrúnu eru margs konar, atvinnuleysi, samdráttur, hærrí skattar og gjöld, hærra verðlag á nauðsynjum, hækku lána og því miður lægri raunlaun og minnkandi kaupmáttur. Fólk svíður þetta eins og eðlilegt er. Okkar stefna hefur verið að leggja fram leiðir til að breyta þessari stöðu, reyna að skapa tækifæri og ný störf með samvinnu við atvinnulíf og koma þannig hagkerfinu af stað aftur. Það er eina raunhæfa leiðin sem við eigum í dag.“

## Bankinn verði samkeppnishæfur við Norðurlöndin

Meðal þess sem bankinn lofar í nýrri stefnu er að vera samfélagslega ábyrgur. Steinþór segir að hann þurfi að vera sjálfbær, geta staðið á eigin fótum „og þurfi ekki að hlaupa í fang ríkisins og biðja um stuðning

þar vegna þess að við séum komin í þrot. Það eru allt of mörg fjármála-fyrirtæki búin að fara í þrot á síðustu árum. Við teljum það mjög mikilvægt að okkar stjórnarhættir og starfsemi tryggi að við séum fjárhagslega sjálfstæð en lítum á sama tíma til umhverfismála og samfélagsþátta og við höfum birt metnaðarfulla stefnu í samfélagsmálum á síðustu vikum.“

Spurður um langtíamarkmið bankans segir hann stefnuna alveg varðaða. „Næstu eitt til tvö árin munu mótast af uppbyggingu og af baráttunni við skuldavandanum. Við erum að byggja upp viðskiptavinum með því að færa niður lán. Við ætlum líka að byggja upp bankann enn frekar þannig að í honum skapist sterk fyrirtækjamenning sem styður við stefnuna.“ Árið 2013 segir Steinþór að bankinn stefni á að vera kominn í forystu, „vera þannig banki að það sé eftir honum tekið hvað varðar hagkvæmni og starfsemi. Bankinn verði fyrsti kostur viðskiptavina á íslenskum fjármálamarkaði. Til lengri tíma viljum við vera til fyrirmyndar. Í því orði kjarnast okkar framtíðarsýn. Þetta eru stór orð að nota svona stuttu eftir hrúnið, þar sem menn hafa misst allt traust og trú á bönkum. Við setjum samt markið hátt en þetta er langhlaup. Árangurinn næst á lengri tíma.“ Það er jafnframt markmið bankans að vera samkeppnishæfur við erlenda banka, sem Steinþór segir að muni koma hingað til lands fyrr en síðar. „Við viljum vera þannig banki að við getum boðið Íslendingum hér á landi sams konar fjármálaþjónustu og fólk á Norðurlöndum er að fá hjá sínum bönkum. Við viljum að þjónustustigið sé sambærilegt og vonandi verður sambærilegur kostnaður líka, þannig að það verði ekki dýrara að eiga bankaviðskipti á Íslandi en til dæmis á Norðurlöndunum.“

Nú er 1. föstudagur júlí og síðan...

# Langur laugardagur!

Gangandi götugleði allrar fjölskyldunnar!

## Föstudagurinn 1. júlí

kl. 11:00

Borgarstjóri klippir á borða göngugötunnar Austurstrætis

kl. 11:35

Borgarstjóri klippir á borða göngugötunnar Laugavegs við Skólavörðustíg  
(göngugatan nær að Vatnsstíg)

kl. 11:40

Götulistamenn Hins hússins og Trúðurinn Tobbi bregða á leik fram eftir degi...

kl. 16:00

Garðpartý í Dillon og Spútnik með DJ Hans,  
18:00 Röggú úr Mogadon til 19:00, Trúbadúrnum Hek til 19:30  
og hljómsveitinni Heima til 21:00

kl. 22:00

Inni á Dillon bar: Hljómsveitirnar Wicked Strangers og Baku Baku

40% afsláttur verður í Spútnik alla helgina og sérstök  
blómakjóltilboð svo hægt verður að skarta sínu  
fegursta í Garðpartýinu.

## Laugardagur 2. júlí

kl. 13:00

Æri - Tobbi Trúður mætir á svæðið fyrir yngri  
kynslóðina, við grillum pulsar í Dillon garðinum, andlitsmálarar  
verða á Laugavegi og blöðrur verða í boði fyrir yngstu kynslóðina

kl. 14:00 Hjartatorgs - tónleikar í boði Símans

Í Dillon garðinum:

kl. 15:00 -15:30: Lára

kl. 15:30 -16:00: Haffi Haff

kl. 16:00 -16:30: Sykur

kl. 16:30 -17:00: Systkinadúettinn Arnar & Ingunn  
taka nokkur lög með Janis Joplin

kl. 17:00 -18:00 : Mogadon spilar ljúfa tóna fyrir gesti



Grillpulsur  
alla helgina!

Lifandi  
göngugötustemning  
alla daga í júlí!

Verlanir eru opnar til  
kl. 17:00 á laugardag  
og þeim fjölgar sem  
hafa opið lengur!

Legðu bílnum & labbaðu Laugavegin!



Traðarkot



Vítorg



Bergstaðastræti

Fjölmennum í miðborgina, verslum og njótum  
- þar sem hjartað slær!



BORGUN

Síminn



# Landsbankinn breytist í takt við nýja stefnu

**Í byrjun febrúar** lögðum við fram lista yfir 28 aðgerðir til að breyta Landsbankanum í takt við nýja stefnu. Þau fyrirheit eru nú öll komin til framkvæmda. En verkefnin framundan eru mörg og vinna okkar heldur áfram. Bankinn er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.

## Landsbankinn þinn er stefna bankans til 2015

**2012: Uppbygging**

Endurreisn atvinnulífsins  
Úrvinnsla skuldavanda heimilanna  
Uppgjör við gamla bankann

**2013: Forysta**

Hagkvæmni  
Ardsamur rekstur  
Traust á lánamörkuðum

**2015: Fyrirmynd**

Sambærilegur við bestu banka á Norðurlöndum  
Dreift eignarhald  
Starfsemi í stöðugri þróun

Frá því aðgerðalistinn var lagður fram í byrjun febrúar hefur starfsfólk unnið hördum höndum að því að hrinda aðgerðunum 28 í framkvæmd.

**1** Bankastjóri og framkvæmdastjórn héldu fundi viðs vegar um land og hlustuðu eftir viðbrögðum almennings við nýrri stefnu bankans og framtíðarsýn hans.



Steinþór Pálsson bankastjóri á opnum fundi á Akureyri.

**2** Endurútreikningi á öllum erlendum húsnæðislánum sem falla undir lög um vexti og verðtryggingu lauk í febrúar. Um 2.800 lán voru endurútreiknuð.

**3** Um 6.000 viðskiptavinir fengu endurgreidd 50% af vöxtum íbúðalána í íslenskum krónum sem voru til greiðslu í desember.

**4** Raunveruleikurinn, gagnvirkur hermileikur hannaður sem fjármála- og neytendafræðsla, var eflður og hentar hann nú bæði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

**5** Við settum bankanum síðasáttmála sem myndar grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði starfsmanna. Sáttmálinn er hornsteinn í nýrri stefnu bankans.

**6** Umboðsmaður fyrirtækja tók til starfa en til hans geta þau fyrirtæki leitað sem telja á sig hallað í viðskiptum við bankann.

**20** Við höfum heimsótt 25 sveitarfélög um land allt

Landsbankinn hefur haldið fundi með sveitarfélögum og atvinnuþróunarfélögum víðs vegar um landið á síðustu vikum til að hlusta og læra af heimasönnum og kanna með hvaða hætti bankinn getur stutt við uppbyggingu atvinnulífsins. Þjóðingunni áttuð fyrirtæki í öllum störfum voru stórir hlutar til að kynna sér þetta og framtíðarsýn.

**Hugafull Landsbankinn**

Landsbankinn hlustir á þetta og er hress og sýnir áherslu á að hjálpa sveitarfélögum og atvinnuþróunarfélögum að byggja upp atvinnulífið. Þetta er einn af helstu verkefnum okkar og við munum standa við þessu í samstarfi við sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög um land allt.

**Markað og lán**

Landsbankinn hlustir á þetta og er hress og sýnir áherslu á að hjálpa sveitarfélögum og atvinnuþróunarfélögum að byggja upp atvinnulífið. Þetta er einn af helstu verkefnum okkar og við munum standa við þessu í samstarfi við sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög um land allt.

Landsbankinn | Síðisáttmála | 410 4000

**7**  
DÓTTURFÉLÖG  
14 konur  
13 karlar

**7** Hlutfall kynja í stjórnun dótturfélaga var jafnað líkt og þegar hafði verið gert í framkvæmdastjórn bankans.

**8** Helstu athugasemdir, kvartanir og ábendingar viðskiptavina eru nú birtar á vef bankans ásamt lýsingu á viðbrögðum okkar við þeim.

**9** Starfsfólk útibúa okkar hringdi í alla þá einstaklinga sem talið var að myndu hafa hag af 110% úrræði stjórnvalda.

**10** Stjórnarhættir bankans eru nú birtir opinberlega. Þeir eru leiðarljós í því að styrkja hlutlægni, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans.

**11** Stefna í samfélagslegri ábyrgð var kynnt. Hún byggir á fimm megin málaflokkum og skal vera að fullu komin til framkvæmda 2015.

**12** Við höldum tíu fjármálakvöld í útibúum okkar um land allt en markmið þeirra var að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin.

**13** Öllum fyrirtækjum sem féllu undir skilgreininguna um Beinu brautina var boðið að nýta sér leiðina fyrir 1. júní.



Skuldalækkun Landsbankans var kynnt í lok maí.

**14** Mikilvægar breytingar á Beinu brautinni voru gerðar til að ná til fleiri lífvænlegra fyrirtækja í greiðsluvanda en annars hefði verið.

**15** Allir starfsmenn bankans staðfestu nýjan síðasáttmála og munu gera það árlega hér eftir.

**16** Nýr samfélagssjóður sem mun árlega úthluta náms-, samfélags-, umhverfis- og nýsköpunar- og sproutastyrkjum var kynntur.

**17** Við hringdum í yfir 15.000 einstaklinga og fyrirtæki í viðskiptum með það að markmiði að læra af ábendingum þeirra svo við getum boðið betri og persónulegri þjónustu.

**18** Við settum okkur stefnu um samskipti við birgja þar sem lögð er áhersla á að gæta sanngirni, jafnræðis og meðalhófs í samskiptum, bankanum og samfélaginu til hagsbóta.

**19** Ellefu fræðslufundir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki voru haldnir. Vel á annað þúsund fulltrúar fyrirtækjanna sóttu fundina.



Starfsfólk Landsbankans hefur lagst á eitt um að vinna úr skuldavanda viðskiptavina og bæta þjónustu.

**20** Fundir voru haldnir með sveitarfélögum og avinnuþróunarfélögum víðs vegar um landið til að kanna með hvaða hætti bankinn getur stutt við uppbyggingu atvinnulífsins.

**21** Við settum okkur stefnu um sölufæri fullnustu-eigna með það að meginmarkmiði að tryggja gagnsæi við sölufæri eigna og fylgja góðum viðskiptaháttum.

**22** Ný námslína fyrir framlínustarfsfólk var kynnt. Þar verður boðið upp á sérhæfða fræðslu í fjármálaráðgjöf til að stuðla að betri þjónustu.

**23** Sölufæri allra félaga eða fyrirtækja í ótengdum rekstri verður kynnt innan sex mánaða frá yfirtöku þeirra.

**24** Ráðgjafastofa einstaklinga var eflð og viðtæk úrræði til skuldalækkunar voru kynnt. Þau munu koma yfir 30.000 viðskiptavinum til góða.

**Allir starfsmenn**  
hafa staðfest síðasáttmála

**25** Heildstæð þjónusta fyrir nýsköpunar- og sproutafyrirtæki var kynnt. Þar veitum við þeim sem vilja stofna eigið fyrirtæki greiðan aðgang að þekkingu, faglegri ráðgjöf og annarri fjármálaþjónustu.

**26** Umsóknarferli fyrir sértæka skuldaaðlögun var einfaldað og stýtt til að hraða úrvinnslu og eftirfylgni.

**27** Varðan, vildarþjónusta okkar, var eflð með áherslu á aukna fjármálaráðgjöf, persónulega þjónustu og öflugri fríðindasöfnun.

**28** Við kynntum skráningu tveggja félaga í eigu bankans á markað með það að markmiði að efla íslenskan hlutabréfamarkað.

**Landsbankinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Við munum áfram takast á við skuldavanda viðskiptavina og vinna að bættri þjónustu með það að markmiði að vera hreyfiafl í samfélaginu. Við erum rétt að byrja.**



Ef ekki finnst sanngjörn leið til að fjármagna flýtiframkvæmdir við vegi á að bíða með þær:

## Gervihnattapólitík

Þeir sem vilja flýta vegaframkvæmdum og fjármagna þær með veggjöldum virðast ekki hafa hugsað málið til enda. Lífeyrissjóðirnir hafa verið reiðubúnir að lána til stórframkvæmda á borð við tvöföldun Suðurlands- og Vesturlandsvegjar gegn því að veggjöld stæðu undir endurgreiðslum á lánunum, enda er lítið fé í ríkissjóði til stórframkvæmda. Einkaframkvæmd, þar sem veggjöld standa undir endurgreiðslum á fjármögnuninni, getur vissulega verið bráðsnjöll leið til að ráðast í samgönguframkvæmdir sem annars myndu þurfa að bíða lengi á teiknaborðinu.

Hvalfjarðargöngin eru prýðilegt dæmi um slíka framkvæmd hér á landi. En þau uppfylla fleiri skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að skynsamlegt og sanngjarnt sé að rukka veggjöld af öikumönnum. Göngin fólu í sér gríðarlega styttingu á fjölfarinni leið og öikumenn eiga val um aðra leið, þar sem ekki eru tekin veggjöld. Reyndar er það svo, ekki sízt eftir mikla hækkingu eldsneytisverðs, að líklega er ódýrara fyrir flesta að fara göngin en að aka Hvalfjörðinn. Fleiri framkvæmdir gætu uppfyllt þessi skilyrði, til dæmis Sundabraut og göng undir Vaðlaheidi.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Eins og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra benti á í grein hér í blaðinu fyrr í vikunni fela hugmyndir um breikkun veganna á Suðvesturlandi hins vegar ekki í sér neina styttingu og aðrar gjaldfrjálsar leiðir eru ekki í boði.

Bæði Félag íslenskra bifreiðaeigenda og sveitarfélög suðvesturlands hafa lagzt gegn veggjöldum og bent á að með þeim væri íbúum svæðisins mismunad. Þeir þyrftu þá einir landsmanna að borga fyrir dagleg afnot af vegunum – ofan á aðra skatta sem lagðir eru á bíleigendur, eins og bifreiða- og eldsneytisgjöld.

Kristján Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, fór mikinn á fundi Samtaka atvinnulífsins um samgönguframkvæmdir í fyrradag og gagnrýndi eftirmann sinn fyrir að drífa ekki í framkvæmdum. Kristján sagði að aldrei hefði staðið til að bæta veggjöldum ofan á aðra skatta, heldur hefði átt að endurskoða alla gjaldtöku af bifreiðum. Hvað á hann við með því? Væntanlega það sem hann sagði á þingi í fyrra, að taka bæri upp rafræna innheimtu af bifreiðum í gegnum gervihnött, þannig að menn yrðu rukkaðir eftir því hvað þeir ækju mikið og önnur gjöld féllu niður á móti.

Það er alveg ágæt hugmynd og innanríkisráðherrann tók í grein sinni undir að það væri framtíðin. En gervihnattakerfið er bara ekki komið í loftið og allsendis óvíst hvenær slík gjaldtöku verður tæknilega framkvæmanleg. Hún rímar því illa við „flýtiframkvæmdir“.

Því hefur verið haldið fram að réttast væri að drífa bara framkvæmdirnar af stað og finna svo út úr því á framkvæmdatímanum hvernig skynsamlegast sé að rukka fólk fyrir afnot af vegakerfinu. Það er afleit hugmynd og líkleg til að enda með ósköpum.

Afstaða innanríkisráðherra í málinu er því vel skiljanleg. Ef menn eru ekki búnir að finna út hvaðan peningar fyrir stórframkvæmdum í vegamálum eiga að koma og hvernig hægt er að haga gjaldtöku með sanngjörnum hætti er réttast að bíða með þær og vera ekkert að flýta sér.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## TILBOÐ Á HÁRSNYRTIVÖRUM

25% AFSLÁTTUR

.....til 15. júlí



### MARIA NILA - I CARE

Frábærar hársnyrtivörur á mjög góðu verði.

Sjampó fyrir daglega notkun, sjampó sem gefur meiri fyllingu, sjampó fyrir liðað há, flösusjampó, næring, djúpnæring, hársprey og hárfóða.

Fást í lyfjaverslunum um allt land

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Sjálfráða Freyja lekur

Kafbáturinn Freyja var sýndur blaðamönnum við hátíðlega athöfn í gær í húsakynnum Háskólans í Reykjavík. Um er að ræða bát sem þar hefur verið hannaður og fer hann eftir helgi á sýningu í flotastöð bandaríska sjóhersins í San Diego. Bandaríkjamenn hafa enda styrkt gerð kafbátarins. Ekki varð þó af sjósetningu í gær, þar sem skömmu fyrr hafði komið í ljós að blessaður báturinn lak. Vonandi er þetta fall fararheill fyrir íslensku hugvitsmennina en ekki dæmi um hriktandi stoðir hernaðarmáttar bandaríska sjóhersins.



#### Latir íþróttahangendur

Merkileg umræða á sér stað varðandi stöðubrot í tengslum við íþróttakappleiki. Svo virðist sem aðsókn að leikjunum sé bundin því að áhangendur liða fái að leggja ólöglega. Skýrist það væntanlega af því að þeir vilji ganga sem styst til að horfa á hetjurnar sínar hlaupa. Heilbrigð sál í hraustum líkama.

#### Kleyfhuga þjóð

Skoðanakannanir eru til margra hluta nýtsamlegar og oft á tíðum er sagt að út úr þeim geti menn fengið nokkurn

vegin hvað sem þá lystir. Allt fari eftir því hvernig spurningin er orðuð. Sú speki kemur upp í hugann þegar skoðanakannanir um afstöðu landans til aðildarviðræðna við ESB eru skoðaðar. Fréttablaðið hefur spurt um afstöðuna og orðað þá spurningu á þann veg hvort svarendur séu hlýntir því að ljúka viðræðum við ESB sem færu í þjóðaratkvæði. Því er meirihluti þjóðarinnar sammála. Í gær var birt könnun sem gerð var fyrir Heimssýn þar sem spurt var hvort svarendur vildu slíta viðræðum við ESB. Og nú vill meirihlutinn það. Svona eru kannanir áreiðanlegar.



kolbeinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Framtíð orkugeirans

### Orkumál



Hörður Arnarson  
forstjóri  
Landsvirkjunar

Landsvirkjun hefur undanfarið unnið að lheidstæðri stefnumótun um starfsemi fyrirtækisins. Markmiðið er að orkuauðlindir landsins verði nýttar með sjálfbærum og arðbærum hætti í sátt við íslenskt samfélag. Fjölmargar leiðir eru mögulegar til þess að ná því markmiði. Á opnum ársfundi fyrirtækisins 15. apríl sl. var fjallað um þessa ólíku möguleika. Þar var gerð grein fyrir því hvernig fyrirtækið geti til dæmis aukid raforkuvinnslu sína umtalsvert í viðráðanlegum skrefum. Tekið skal fram að nýir virkjunarkostir ráðast algerlega af niðurstöðu rammaáætlunar stjórnvalda um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði.

Lögð hefur verið áhersla á að stefnumótun Landsvirkjunar fari fram fyrir opnum tjöldum og hefur almenningi og hagsmunaaðilum verið gefinn kostur á að taka þátt í vinnunni, sem er hvergi nærri lokið. Einn af mikilvægum þáttum stefnumótunarinnar er að greina áhrif mismunandi möguleika á efnahagslíf landsins.

Áfanga í slíkri greiningu hefur nú verið náð með skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins GAMMA, sem unnin var að beiðni Landsvirkjunar, um efnahagsleg áhrif af rekstri og arðsemi Landsvirkjunar til ársins 2035. Var hún kynnt opinberlega nú í vikunni

og er þar varpað upp fjórum mismunandi sviðsmyndum. Greind eru bæði áhrif þess að raforkuvinnsla verði aukin verulega og að ekki verði af frekari virkjunarframkvæmdum. Þá eru greind áhrif þess að raforkuverð fari hækkanði eins og gerst hefur erlendis og eins af því að ekki verði af verðhækkunum. Þá eru einnig greind efnahagsleg áhrif þess að lagður verði sæstrengur til Evrópu.

Í stuttu máli er niðurstaða skýrsluhöfundu sú að raforkuframléiðsla Landsvirkjunar geti haft umtalsverð efnahagsleg áhrif hér á landi. Sá kostur, að auka raforkuframléiðslu verulega, felur í sér umtalsverða aukningu á arðgreiðslugetu fyrirtækisins sem þó kemur ekki inn í hagkerfið fyrr en að tíu árum liðnum. Sá kostur að fara ekki í frekari framkvæmdir, en sækja þær verðhækkningar sem þegar hafa orðið í Evrópu, felur einnig í sér arðgreiðslugetu þótt minni sé, sem jafnframt kemur fyrr inn í hagkerfið.

Hækkað verð til stórnótenda eitt og sér hefur því einnig í för með sér að raforkuframléiðsla gæti orðið afar arðbær í framtíðinni. Hver sem endanleg niðurstaða verður er nauðsynlegt að fram fari almenn umræða um þessa ólíku möguleika og áhrif þeirra á Ísland.



# Um lýðræði og sannfæringu

Stjórnsmál

Ögmundur Jónasson

innanríkisráðherra



Kolbeinn Proppé, blaðamaður á Fréttablaðinu, veltir upp mikilvægri spurningu í framhaldi af grein minni í hér blaðinu um vegg-tolla. Þar lýsi ég því hvernig ég hafði fengið í fangið hugmyndir um að ráðist yrði í kostnaðarsamar flýtiframkvæmdir í vegamálum og yrðu þær fjármagnaðar með vegg-tollum á viðkomandi leiðum. Aldrei hef ég verið áhugasamur um þessa aðferðafræði en málið engu að síður þess eðlis – verið að selja aðgang að vegum, ekki spítölum – að ég kvaðst reiðubúinn að hafa um það forgöngu að því tilskyldu að um þetta yrði samstaða og þeir sem ættu að borga brússann væru sáttir. Svo reyndist ekki vera og lýsti ég því þá yfir að við yrðum að hlusta á rödd þjóðarinnar. Þá spyr Kolbeinn: „Ef rödd þjóðarinnar á að ráða í þessu máli, gildir það þá ekki um önnur? Mun Ögmundur framvegis fylgja meirihluta í umdeildum málum svo sem um aðild að Nató og fleiri hitamál? Mun sannfæringin víkja fyrir skoðanakönnunum?“

Svar mitt við því hvort meirihlutavilji þjóðarinnar eigi að ráða er tvímælalaust játandi. Ef meirihlutinn vill vera í Nató þá verðum við þar. Ef meirihlutinn vill ganga þaðan út þá gerum við það.

Svar mitt við því hvort meirihlutavilji þjóðarinnar eigi að ráða er tvímælalaust játandi. Ef meirihlutinn vill vera í Nató þá verðum við þar. Ef meirihlutinn vill ganga þaðan út þá gerum við það. Það breytir því ekki að ég er og verð andstæðingur aðildar Íslands að Nató og hreyfir engin skoðanakönnun eða atkvæðagreiðsla þeirri sannfæringu minni. Það gildir um öll grundvallarmál. Þar vil ég vera trúr eigin sannfæringu hvað sem líður vilja annarra og berjast fyrir henni af alefli. Ef þeir sem treyst er fyrir framkvæmdarvaldinu ganga hins vegar þvert á almannaviljann í grundvallarmálum og þröngva minnihlutasjónarmiðum upp á samfélagið, fyrirgera þeir þar með pólitískum tilverurétti sínum. Að sjálfsögðu ætti það við um mig sem aðra ráðherra. Þannig á lýðræðið að virka. Það hefur einmitt verið okkar ógæfa í langan tíma að virða ekki lýðræðið sem skyldi.

Þegar samtök atvinnurekenda ætlast nú til þess af mér, sem handhafa framkvæmdavalds, að ráðast í umdeilda tollheimtu sem mikil andstaða hefur risið gegn þá fer ég að sjálfsögðu að almannaviljanum fremur en vilja gæslumanna þröngra hagsmuna sem því miður hafa látið í veðri vaka að rándýrar framkvæmdir á kostnað skattborgara og neytenda skapi fleiri störf og meiri arðsemi en reyndin yrði.

En það má ágætur blaðamaður Fréttablaðsins vita að í því er engin mótsögn fólgin að vera trúr sannfæringu sinni annars vegar og virða lýðræðislegan vilja hins vegar.



## FEGURRI MIÐBORG

OPIN HÚS Í AUSTURSTRÆTI 22  
OG LÆKJARGÖTU 2

Á milli kl. 15 – 18 í dag



Reykjavíkurborg hefur lokið framkvæmdum við endurbyggingu húsanna við Austurstræti 22 og Lækjargötu 2.

Margvísleg starfsemi mun fara fram í þessum glæsilegu húsum sem setja mikinn svip á miðborgina og hafa rekstraraðilar þegar hafið framsækna starfsemi í húsunum.

Af þessu tilefni og vegna opunar göngugötunnar í Austurstræti er almenningi boðið að skoða húsin á milli kl. 15 – 18 í dag, föstudaginn 1. júlí.

Göngugatan á Laugavegi, frá Vatnsstíg að Skólavörðustíg, verður einnig opnuð í dag.

– Eflum miðborgina saman!



Reykjavíkurborg

reykjavik.is

# Dómskerfi nr. 2

Í DAG

**Pawel Bartoszek**  
stærðfræðingur



Það fyrirkomulag sem viðhaft er við ákæru og dómsmál á hendur ráðherra héraðs og í nokkrum nágrannalanda virkar hvorki sérlega rökrétt né raunar sérlega geðslegt. Hvorki ákærferlið né dómsferlið samræmast hugmyndum um hvernig best skuli staðið að slíkum málum innan réttarkerfisins. Betra væri að hafa eitt dómskerfi í landinu en tvö.

Það vald að ákæra ráðherra er nú lagt í hendur þingmönnum, sem standa þá frammi fyrir því að ákveða hvort fyrrverandi samstarfsfélagar, samherjar og andstæðingar þeirra eigi að vera sóttir til saka fyrir embættisbrot og hugsanlega fara í fangelsi. Það ber ekki að skilja sem svo að þeim sé að slíkri ákvarðanatöku einhver verkunn; þingmönnum er ekki verkunn að neinu, þeir velja sér starfsvettvang. Hins vegar má eðlilega efast um hvort þingmenn séu til þessa verks hæfastir og líklegasta svarid við þeirri spurningu er nei. Á sama hátt og ef sækja ætti mál á hendur dómara væri það vond hugmynd að láta kaffistofufélaga hans til margra ára dæma í málinu.

Mun hyggilegi leið væri að láta þingið eða nefnd á þess vegum heimila, eða jafnvel fyrirskipa, rannsókn á því hvort ráðherra hefði brotið af sér í starfi. Það væri svo í höndum sérstaks saksóknara, eða jafnvel einfaldlega ríkissaksóknara, að rannsaka málið og höfða málsókn ef hann sæi ástæðu til þess. Það verður nefnilega ekki vel séð hvers vegna þörf er á sérstöku ákærferli og ákærumbætti þegar kemur að brotum tiltekna embættismanna ríkisins.

Ekki þykir ástæða til að búa til sérstakt réttarkerfi fyrir þingmenn eða dómara. Enda má eðlilega spyrja sig hvort slík ad-hoc saksóknaraembætti séu virkilega líklegust til að ná þeim árangri sem af þeim er ætlast.

Með nákvæmlega sama hætti má velja upp þeirri grundvallarspurningu hvort hyggilegt sé að koma upp sérdómstól, úrskurðum hvers verður ekki áfrýjað, fyrir þessa einu tegund dómsmála. Það er vart nauðsynlegt.

Venjulega dómskerfið okkar hefur getað dæmt þingmenn til fangelsisvistar, vikið dómurum úr embætti og úrskurðað að lög sem Alþingi hefur sett brjóti

brugðist skyldum sínum. Þeir séu því svipaðir kviðdómendum eða sérfróðum meðdómsmönnum. Það verður þó ekki séð að í gegnum tíðina hafi þeir sem valdir hafi verið í Landsdóm endilega búið yfir mikilli reynslu af stjórnáttum eða haft sérstaka innsýn í pólitísk störf ráðherra. Og án þess að það sé eini mælikvarðinn þá virðist ekki vera sem sakborningurinn í Landsdómi virðist telja að þingkjörnu fulltrúarnir tryggi sérstaklega réttaröryggi sitt.

Dómum Landsdóms verður ekki áfrýjað, sem er ekkert sérstakt út frá mannréttindasjónarmiðum. Raunar ber að taka það fram að Mannréttindadóm-

„ Það vald að ákæra ráðherra er nú lagt í hendur þingmönnum, sem standa þá frammi fyrir því að ákveða hvort fyrrverandi samstarfsfélagar, samherjar og andstæðingar þeirra eigi að vera sóttir til saka fyrir embættisbrot og hugsanlega fara í fangelsi.

í bága við stjórnarskrá. Ekki verður séð hvers vegna það ætti ekki að ráða við að skera úr um hvort ráðherra hafi brotið lög um ráðherraábyrgð.

Af fimmtán dómurum Landsdóms eru sjö hæstaréttardómur og átta kjörnir af Alþingi. Þessi uppsetning á sér, líkt og svo margt annað í íslenski stjórnskipun, norræna fyrirmynd. Danski Ríkisrétturinn er skipaður þrjátíu dómurum, þar af er helmingur þingkjörinn. Þetta fyrirkomulag á rætur sínar að rekja til konungveldisins og átti á sínum tíma að styrkja vald þingsins gagnvart embættismönnum konungs. Í seinni tíð hafa þau rök verið notuð að þingkjörnu fulltrúarnir geti lagt mat á hinar pólitísku hliðar málsins þegar meta á hvort ráðherra hafi

stóll Evrópu hefur dæmt á þá leið að landsdómsfyrirkomulagið eins og það er sett upp í Danmörku gangi upp.

En þótt eitthvað haldi vatni þýðir það ekki að það sé gott. Eða að ekki sé hægt að gera það sama mun betur.

Ekkert er athugasvert við það að sett séu lög um ábyrgð ráðherra eða annarra embættismanna og að fyrir brot á þeim lögum geti menn verið sóttir til saka og dæmdir. Hins vegar væri hreinlega og heppilegra að um þau mál giltu sömu reglur og um brot á öllum öðrum lögum, þannig að rannsakad, saksótt væri innan sama réttarkerfisins og ef um um önnur brot væri að ræða. Það þarf ekki sérstakt dómskerfi fyrir eina tegund lögbrots eins hóps manna.

# Samningaviðræður hafnar

ESB-aðild

**Stefán Haukur Jóhannsson**  
formaður  
samninganefndar  
Íslands



**Björg Thorarensen**  
varaformaður  
samninganefndar  
Íslands



**Þorsteinn Gunnarsson**  
varaformaður  
samninganefndar  
Íslands



okkar á stöðu íslensks samfélags meðal Evrópuþjóða.

## Vandasamar viðræður

En þó að löggjöf Íslands og ESB sé um margt lík er engu að síður verk að vinna í þeim málefna sviðum sem standa utan EES-samningsins, einkum í sjávarútvegi, landbúnaði, í byggða- og atvinnu- málum, og að hluta til í umhverfismálum. Það verður ekki auðvelt að ná fram hagfeldri niðurstöðu í öllum þessu málaflokkum og það mun krefjast atorku og útsjónarsami að sannfæra Evrópusambandsríkin 27 um að Ísland þurfi að fá fram ákveðnar sérlausnir sem taki tillit til aðstæðna hér. Samninganefnd Íslands og þeir samningahópar sem vinna með henni vinna nú hörðum höndum að því að móta ítarlega samningsafstöðu Íslands á grunni samningsmarkmiða Alþingis og líta til fordæma fyrir sérlausnum í aðildarsamningum annarra ríkja. Ekki er samið um alla samningskaflana 35 samtímis heldur veltur það á framvindu undirbúnings bæði hér heima og í Evrópu hvaða kaflar eru opnaðir og í hvaða röð.

## Þátttaka hagsmunaaðila

Það skipulag sem sett var á fót í upphafi aðildarferlisins og lagt var upp með í álit meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis hefur reynst vel. Í samninganefnd Íslands eiga sæti 18 einstaklingar, níu karlar og níu konur. Undir samninganefndinni starfa tíu samningahópar um einstök mál-efnasvið. Fulltrúar stjórnsýslunnar, stofnana, hlutaðeigandi hagsmunaaðila og frjálsra félagsamtaka eiga sæti í samningahópnum og hafa tekið virkan þátt í efnislegum undirbúningi fyrir samninga um mál sem þau varða. Fulltrúar sjómanna og útvegsmanna eiga t.d. sæti í samningahópi um sjávarútvegsmál, fulltrúar bænda og neytenda eiga sæti í samningahópi um landbúnaðarmál og fulltrúar sveitarfélaga eiga sína fulltrúa í hópnum um byggðamál og atvinnuuppbyggingu. Þetta tryggir breiða þátttöku í því veigamikla verkefni sem aðildarviðræður við Evrópusambandið er. Alþingi gegnir einnig lykilhlutverki í öllu ferlinu, þar sem fjallað er um allt sem formlega er lagt fram í viðræðunum af Íslands hálfu með viðeigandi hætti innan þingsins.

## Lokaorð

Hlutverk okkar í samninganefndinni er skýrt: Að ná sem bestum samningi fyrir Ísland. Okkar er einnig að tryggja að samningaferlið sé opið og gegnsætt. Við munum áfram tryggja að öll viðeigandi gögn og upplýsingar sem tengjast aðildarviðræðunum séu aðgengilegar á heimasíðu viðræðnanna þannig að allir Íslendingar geti kynnt sér málin af eigin raun og myndað sér skoðun. Þar má nú t.d. finna samningsafstöður Íslands í þeim köflum sem viðræður höfust um í vikunni. Þegar samningar hafa náðst og niðurstaðan liggur fyrir mun íslenska þjóðin eiga lokaorðið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þangað til munum við standa þétt saman um hagsmuni Íslands í þessum samningaviðræðum.

## Aukinn skilningur

Á síðustu sjö mánuðum hafa sérfræðingar Íslands og Evrópusambandsins borið saman bækur um lög og reglur í mismunandi málaflokkum til að afmarka betur hvað semja þarf um. Í þessari rýnivinnu hefur komið í ljós að Ísland stendur vel að vígi. Í gegnum þátttöku okkar í EES- og Schengen-samstarfinu höfum við þegar tekið upp í íslensk lög meirihluta af þeim lagaköflum ESB sem nú eru til umræðu. Af aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum, Atlantshafsbandalaginu, EFTA, Evrópuráðinu og ýmsum svæðisbundnum samtökum leiðir að löggjöf okkar og hefðir eru um flest afar lík því sem gerist hjá Evrópusambandsríkjunum. Sú staðreynd að sérfræðingar okkar hafa uppskorið ESB fyrir þekkingu og fagmennsku er sömuleiðis gott vegnasti inn í viðræðurnar. Í gegnum þessar viðræður hefur verið safnað saman og gerð grein fyrir umfangsmiklum upplýsingum um íslenska löggjöf á lykilsviðum samfélagsins og hefur þessi vinna m.a. aukið skilning viðsemjenda

**THULE**  
SWEDEN

**AFMÆLISTILBOÐ  
TAKMARKAÐ MAGN**

# Ferðabox



NÚMER	HEITI	LÍTRAR	LITIR	VERÐ AÐUR	TILBOÐ	ÞÚ SPARAR
<del>631100</del>	Pacific 100	370		59.900	49.900	<b>10.000</b>
631200	Pacific 200	460	grátt/svart	79.900	65.900	<b>14.000</b>
<del>631500</del>	Pacific 500	330		69.900	55.900	<b>14.000</b>
631600	Pacific 600	340	grátt/svart	89.900	79.900	<b>10.000</b>
631700	Pacific 700	460	grátt/svart	97.900	85.900	<b>12.000</b>

Sjá nánar á: [www.stilling.is/ferdabox](http://www.stilling.is/ferdabox)

Stilling hf. | Sími 520 8000  
www.stilling.is | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



## AF NETINU

### Loks friður og jafnrétti í VG?

Á undanföllum misserum hefur ekki ríkt mikill friður og jafnrétti í VG. Þessu ætla nýr formaður Ungra vinstri grænna greinilega að breyta. Í frétt [visir.is](http://visir.is) segir um hinn nýja formann UVG: „Snærós leggur í sínu starfi mesta áherslu á friðarmál og jafnréttismál, og finnst blasa við að aukið jafnrétti leiði til aukins friðar og öfugt.“ Ég óttast að það verði á brattann að sækja hjá Snærósu við að tryggja frið og jafnrétti innan VG. En ég óska henni allra heilla í erfiðu starfi.

<http://blog.eyjan.is/hallurm/>  
Hallur Magnússon

# Gámasala í Múrbúðinni

**MÚRBÚÐARVERÐ**

Slöngutengjasett með úðabyssu

**590 kr.**



3 arma garðúðari

**325 kr.**



Garðúðari

**298 kr.**




Slöngutengjasett 1/2" og 3/4"

**225 kr.**



Slöngusamtengi

**75 kr.**  
(mikið úrval tengja)



1/2" slanga 15 metra með byssu og tengjum

**1.190 kr.**

1/2" Slanga 25 metrar

**1.995 kr.**



Slönguhengi - plast

**395 kr.**



PVC húðað virnet 50cmx15 metrar

**2.995 kr.**

Garðskilveggur

**1.490 kr.**



Garðskilveggir verð frá

**395 kr.**



Fötugrind græn

**595 kr.**



Slönguvagn á hjólum 1/2" f/50 metra

**2.490 kr.**



Slönguhjól 1/2" f/45 metra

**1.590 kr.**



Blómabeðsgrindverk 5stk 65x30cm

**1.790 kr.**



Aflangur blómapottur „sjálfvökvaði“

**995 kr.**



Áburðardreifari 12 ltr

**1.990 kr.**



Prýstiúðabrusi

**1.390 kr.**



Prýstiúðabrusi 1 líter

**385 kr.**



Prýstiúðabrusi 1,5 líter

**415 kr.**



Hjólborur 75L

**4.490 kr.**



Ceramic Blómapottar frostheldir, verð frá

**990 kr.**



Barnahjólborur

**2.990 kr.**



Greinaklippur

**550 kr.**



Hekklippur 8"

**1.150 kr.**

Greinaklippur

**895 kr.**



Garðverkfæri Raka/skafa

**395 kr.**



Truper garðverkfæri 3stk

**1.645 kr.**




Jarðvegsdúkur 10x1,2 m

**1.290 kr.**

Bláskorn 5 kg

**1.130 kr.**



Kalkskorn 5 kg

**635 kr.**



Laufhrifa svört

**495 kr.**



Strákústur 30cm breiður

**595 kr.**



Reykjavík Klettháls 7. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16  
Akureyri Furuvellir 15. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14



**MÚRBÚÐIN**

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

ÁÐUR: 6.995

**3.995**

**43% AFSLÁTTUR**

**Hítapól svefnpokans**  
Þægindamörk +4/+18°C  
Lágmarkshiti -6°C

**JUPITER svefnpoki**  
Góður svefnpoki á frábæru verði! Stærð: 80 x 220 sm.

ALLT SETTID

**359**

**3 STK.**

**Grilláhöld**  
Fin grilláhöld. 3 stk. saman í pakka. Settið inniheldur spáða, gaffal og föng.

**Plastklossar**  
Flottir plastklossar með PHYLON sóla. Fást í nokkrum stærðum. Litir: Svartir, bláir og fjólubláir.

1 PAR

**995**

FLÍSTEPPI

**695**

**BROOKE flísteppi**  
Góð flísteppi úr 100% polyester. Nokkrir litir fánlegir. Stærð: 130 x 170 sm.

ALLT SETTID  
ÁÐUR: 15.485

**9.995**

**SPARIÐ 5.490**

**PORTO borð + 2 MELTON stólar**  
Flott sett á frábæru tilboði! Garðborð úr svörtu stáli. Borðið er með glerplötu úr hertu gleri. Stærð á borði: Ø60 sm. Stólarirnir eru úr sterku polyrattan efni og áli. Borð: 3.495 Stóll: 5.995

100 STK. GRILLPINNAR

**139**

**100 STK.**

**Grillpinnar**  
Grillpinnar, 100 stk. í pakka.

WellPur™

ÁÐUR: 1.695

**995**

**41% AFSLÁTTUR**

**WELLPUR heilsukoddi**  
Frábær heilsukoddi með sérhönnuðum svampi sem hefur þrýstijafnandi eiginleika. Styður vel við háls og hnacka. Geymslupoki fylgir með.

BARNASTÆRD

**1.495**

**Flisponcho með hettu**  
Flott flisponcho með hettu. Margir fall-egir litir fánlegir. Fullorðins-stærð: 1.995,-

**SPARIÐ 2.000**

ÁÐUR: 7.995

**5.995**

**TORINO sólstóll**  
Góður og sterkur sólstóll úr stáli með þykku og mjúkum sessum úr polyester- og bómullar- efni. Sólstóll með háu baki og skemli. 5 stillingar á baki.

ÁÐUR: 2.495

**1.495**

**Jogging-buxur**  
Góðar joggingbuxur í stærðum: S-XXL. Litur: Svartur.

**SPARIÐ 1.000**

12 STK.

**995**

**Steikarhnifapör**  
Góð steikarhnifapör með tréskafli. 12 stk. saman í einum kassa.

**25% AFSLÁTTUR**

ÁÐUR: 1.995

**1.495**

**RENNES útileguteppe**  
Flott flísteppi með vatnspölnu undirlagi. Frábært í útileguna eða lautarferðina. Tveir flottir litir. Stærð: 125 x 150 sm.

# HELGARSPRENGJA!

TILBODIN GILDA 01.07-03.07

SUN GARDEN



VERÐ FRÁ:

485

30%  
AFSLATTUR

CAGLIARI sessur

Flottar sessur með blómamynstri. Nú á frábæru tilboði!



4 STK.

Álbakkar  
á grillið  
4 stk. saman  
í pakka.

4 STK.  
ÁLBAKKAR

139



10 PÖR

1.995

10 PÖR

COLLEGE sokkar

10 pör í pakka. Litur: Svartur.

20 STK.  
VERÐ FRÁ:  
299

RENNES  
einnota í sumar  
Glös. 20 stk. 299  
Plastgafflar 20 stk. 299  
Plasthnifar 20 stk. 299  
Diskar 20 stk. 499



SPARIÐ  
10.000

DANANG borð +  
4 OREGON stólar

Fallegt garðhúsgagnasett  
úr harðviði. Borðið og  
stólana er auðveldlega  
hægt að leggja saman  
svo lítið fari fyrir því.  
Stærð á borði: B110 x  
L110 x H72 sm.



ALLT SETTIÐ  
ÁÐUR: 39.990

29.990



GRILL-  
BURSTI

299

Grillbursti

Góður, langur grillbursti.  
Nauðsynlegur í sumar til að  
halda grillinu hreinu!

Grill-  
kveikjari  
Flottur  
grillkveikjari á  
frábæru verði!

GRILL-  
KVEIKJARI

299



23%  
AFSLATTUR

KÚLUGRILL  
ÁÐUR: 3.895

2.995

COLORADO kúlugrill  
Lítið og nett kúlugrill úr  
emeleruðu, svörtu járn.  
Stærð: Ø43 sm.  
Vinnuhæð: 60 sm.



FLÍSPEYSA

1.995

Flíspeysur

Góðar flíspeysur á frábæru verði!  
Nokkrir mismunandi litir og stærðir fánlegar.



ÚTILEGU-  
STÓLL

1.995

Útilegustóll

Úr hvítakkaðri röragrind með röndóttu áklæði.



RÚMFATA  
LAGERINN  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# COPA AMERICA HEFST Í KVÖLD

Copa America er einn stærsti sjónvarpsviðburður íþróttahéimsins. Misstu ekki af leiftrandi skemmtilegri keppni margra af bestu landsliðum heims þar sem helstu stjórnur knattspyrnuheimsins fara á kostum.

Tryggðu þér áskrift strax!

STÖÐ 2 SPORT 2 KOSTAR AÐEINS

FRÁ 199 KR. Á DAG

MAN ÚTÍD TV, LIVERPOOL TV, CHELSEA TV OG HLIDARRÁSIR FYLGJA.



LIONEL MESSI ARGENTÍNA



ROBINHO BRASÍLÍA



LUIS SUÁREZ ÚRÚGVÆ



ALEXIS SÁNCHEZ CHILE

**HORFÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER**

FÆRÐU ÁSKRIFTINA UPPI Í BÚSTAÐ FYRIR 0 KR.

STÖÐ 2 FRELSI Á VOD FYLGIR.

STÓRKOSTLEG FÓTBOLTAVEISLA Á STÖÐ 2 SPORT 2

**OPNUNARHÁTÍÐ KL. 23:30**

**ARGENTÍNA – BÓLIVÍA KL. 00:35**

**Á MORGUN KOLUMBÍA – KOSTA RÍKA KL. 18:20**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNHELDUR. AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STÖD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SIMANS 800 7000

## Hið íslenska réttlæti 110%?

### Fjármál

Andrea J. Ólafsdóttir

formaður Hagsmunasamtaka heimilanna



Frestur til að sækja um 110% skuldaaflögun hjá bönkunum rann út nú um mánaðamótin. Verði ekkert frekar að gert í lánamálum heimilanna, munu fjármálastofnanir, í skjóli stjórnvalda, komast upp með að leiðrétta aðeins þann hluta skuldavandans sem að þeim snýr, að undanskilinni 20% vaxtaleiðréttingu Landsbankans sem þó gengur ekki nægilega langt að mati Hagsmunasamtaka heimilanna þótt slík almenn vaxtaendurgreiðsla sé vissulega skref í rétta átt.

Þorri þjóðarinnar situr eftir með sárt ennið horfandi upp á hrópandi óréttlæti sem í þessu felst. Venjulegt fólk með stökkbreytt lán sem nánast engar leiðréttingar fær þar sem hin sérstaka vaxtabóti í gegnum vaxtabótakerfi ríkisins getur ekki talist annað en móðgun miðað við þá hækkun sem fólk hefur séð á lánun sínum.

Eins og Hagsmunasamtökin hafa ítrekað bent á nær 110% leiðin einungis til þess hluta lántaka sem er skuldsettastur m.v. veðsetningarhlutfall. Hún er því sértæk aðgerð en ekki almenn, en hún gæti náð til um 20 þúsund lánasamninga ef marka má tölur fjármálaráðuneytisins.

Almennar og réttlátar aðgerðir miðast við að lántakendur sitji allir við sama borð og fólk sé þar með ekki mismunað. Á milli hjóna getur 110% leiðin veitt allt að 30 milljóna króna leiðréttingu, á meðan þeir sem eru með minna veðsettar eignir fá enga leiðréttingu þrátt fyrir að hafa orðið fyrir sama forsendubrestinum, þ.e. hækkun höfuðstóls

lána. Við misrétti og mismunun þessara bankavænu skuldaleiðréttinga verður ekki unað. Við vísitölutengingu lánasamninga verður heldur ekki unað og því hafa samtökin nú ákveðið að útbúa farveg fyrir þjóðina til að segja hug sinn með undirskriftasöfnun sem mun fara fram á heimilin.is.

Frá heimilum landsins séð felur 110% leiðin í sér mikla mismunun og misrétti, þar sem mætti segja að verið sé að umbuna þeim sem sitja uppi með yfirveðsettar eignir. Svokallaðar skuldaleiðréttingar eins bankans bæta að mati

Eins og Hagsmunasamtökin hafa ítrekað bent á, nær 110% leiðin einungis til þess hluta lántaka sem er skuldsettastur m.v. veðsetningarhlutfall.

hagsmunasamtakanna lítið úr skák og eru í raun móðgun við almenna lántakendur bankans, eins og rakið er í blaðagrein eftir Jónínu Óskarsdóttur í Fréttablaðinu í vikunni. Þá er með öllu ólíðandi að hver bankastofnun virðist útfæra þessa svokölluðu 110% leið að eigin geðþótta, því ekki miða allir við fasteignamat ríkisins.

